# FRÉTTABLAÐIÐ

30. TÖLUBLAÐ 19. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — ÞRIÐJUDAGUR 5. FEBRÚAR 2019





Fjölmörg Evrópuríki hafa lýst yfir stuðningi við Juan Guaidó, leiðtoga stjórnarandstöðunnar í Venesúela. Þar á meðal Ísland. Nicolá Maduro, sitjandi forseti, hefur lýst því yfir að líkur séu á að borgarstyrjöld brjótist út í landinu vegna afskipta erlendra ríkja af stjórnarháttum í Venesúela. Guaidó sagði fullyrðingar andstæðings síns fráleitar. Sjá síðu 4. FRÉTTABLAÐIÐ/EPA

# Stjórn Íslandspósts lagði til 20 prósenta hækkun launa sinna

**Stjórn Íslandspósts samþykkti í upphafi árs í fyrra að greiða starfsfólki sínu launauppbót í ljósi góðrar afkomu sinnar. Rúmu hálfu ári síðar fór fyrirtækið fram á neyðarlán frá ríkinu.**

**VIÐSKIPTI** Laun stjórnar Íslandspósts ohf. (ÍSP) hafa hækkað um 65 prósent frá árinu 2014. Launin voru hækkuð um rétt rúm tuttugu prósent í upphafi árs í fyrra. Þetta sýna fundargerðir stjórnar sem Fréttablaðið fékk aðgang að í krafti upplýsingalaga.

Árið 2017 skilaði ÍSP afgangi upp á rúmlega 216 milljónir króna. Var það annað árið í röð sem fyrirtækið hagnaðist eftir að hafa tapað samanlagt 280 milljónum árin þrjú á undan. Ársreikningur ársins 2018 liggur ekki fyrir.

Í upphafi síðasta árs samþykkti stjórn ÍSP að leggja fyrir aðalfund félagsins að laun hennar yrðu hækkuð. Laun formanns yrðu 330 þúsund krónur en laun almennra stjórnarmanna helmingi lægri. Skömmu áður hafði stjórnin samþykkt að hækka laun forstjóra fyrirtækisins um 25 prósent en hann var áður undir valdsviði kjararáðs.

**» Laun fyrir stjórnarsetu í Íslandspósti hækkuðu um 65 prósent frá 2014 til 2018.**

Þá var einnig samþykkt í upphafi síðasta árs að greiða starfsfólki launauppbót í ljósi góðrar afkomu fyrirtækisins árið á undan. Uppbótin hljóðaði upp á tuttugu þúsund krónur til starfsfólks í fullu starfi en greiðslur lækkuðu í samræmi við starfshlutfall til annarra. Lágmarksgreiðsla var þó ávallt tíu þúsund krónur. Heildarkostnaður var áætlaður 14,3 milljónir króna.

Hin góða afkoma ÍSP var aftur á móti ekki betri en svo að rétt rúmu hálfu ári síðar þurfti fyrirtækið að leita á náðir ríkisins til að forðast gjaldþrot. Fyrirtækið fékk í september í fyrra 500 milljóna króna lán frá ríkinu til að bregðast við lausafjárskorti eftir að viðskiptabanki þess, Landsbanki Íslands, hafði lokað á frekari lánveitingar. Þá samþykkti Alþingi fyrir jól heimild til að lána fyrirtækinu allt að milljarð til viðbótar. Fjárlaganefnd þingsins samþykkti í upphafi árs beiðni til ríkisendurskoðanda um að unnin yrði stjórnsýsluúttekt á starfsemi ÍSP. – jóe / sjá síðu 4

## Fréttablaðið í dag





**SKOÐUN** Jón Kaldal skrifar um laxeldi og peningaslóðina. 8

**SPORT** Guðni Bergsson vill að Ísland haldi HM kvenna 2027. 10

**FRÉTTIR** Sveinn R. Eyjólfsson segir brýnna að skoða auglýsingasölu RÚV en beinan stuðning við fjölmiðla. 2

**LÍFIÐ** Þýskir bíódagar eru hafnir í Bíói Paradís. 22

**PLÚS 2 SÉRBLÖÐ** ● **FÓLK** ● **BÍLAR**


*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015




## Veður




Austan 15-23 fyrir hádegi S- og SV-lands og hvessir meira er líður á daginn. 18-28 seinnipartinn og hvassast við fjöll S-til. Slydda eða rigning syðst á landinu en dálítil slydda eða snjókoma A-lands.

SJÁ SÍÐU 14



Öræfajökull. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Æfa viðbrögð vegna eldgoss

**ALMANNAVARNIR** Tvíþætt æfing Neyðarsamstarfs raforkukerfisins verður haldin 28. febrúar. Æfingin mun snúast um viðbrögð við eldgosi í Öræfajökli við lágmarksmönnun vegna farsóttar.

„Lögð áhersla á að sveitarfélög taki þátt að því leyti að kortleggja sína innviði og mögulegar aðgerðir,“ segir um æfinguna í fundargerð almannavarnanefndar Hornafjarðar. **– gar**

# Fullt tungl í Hörpu



Aðstandendur UTmessunnar sviptu hulunni af einstöku verki breska listamannsins Luke Jerram í Hörpu í gær. Verkið ber heitið Museum of the Moon og er sett up á messunni í tilefni af 50 ára afmæli fyrstu tunglgöngunnar. Tunglið er uppblásið og sjö metrar í þvermál. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR



Það er leiðindaveður í kortunum fyrir næstu daga. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

# Skítaveður víða um land

**VEÐUR** Gul viðvörun er í gildi vegna veðurs en von er á hvassviðri eða stormi víða um land í dag. Vegagerðin boðaði lokanir vega í dag milli Hvolsvallar og Víkur og milli Skeiðarársands og Öræfasveitar.

Lokanir taka gildi á hádegi í dag og er talið að ekki verði opnað á ný fyrr en seinni hluta dagsins á morgun, miðvikudag.

Vegagerðin hefur jafnframt beint því til vegfarenda að kalt veður með stífri norðanátt hafi mótað aðstæður á vegi þannig að hálkuvörn bindist illa við yfirborð vega. Það geti því verið hált þrátt fyrir hálkuvarnir.

Gul viðvörun er í gildi fyrir Suðurland, Faxaflóa, Suðausturland og miðhálendið. Von er á stormi eða roki á Suðurlandi. **– khn**




# Sjálfstæðismenn amast við fjölmiðlafrumvarpi

**Óánægjuraddir innan raða Sjálfstæðismanna með fjölmiðlafrumvarp Lilju Alfreðsdóttur. Þingmenn segja hafa komið á óvart þegar ráðherrann sagði einhug í ríkisstjórn um málið. Lilja segist ekki hafa heyrt af óánægju Sjálfstæðismanna.**

**STJÓRNMÁL** Talsverðrar óánægju gætir meðal þingmanna Sjálfstæðisflokks með fjölmiðlafrumvarp Lilju Alfreðsdóttur menntamálaráðherra, samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Þeim sem blaðið ræddi við úr röðum flokksins kom einnig saman um að sérkennilegt hefði verið hvernig staðið var að kynningu þess, en frumvarpið var ekki kynnt fyrir ríkisstjórn áður en blaðamannafundur um málið var haldinn á fimmtudag. Eftir fundinn lét Lilja þó hafa eftir sér í fjölmiðlum að einhugur væri innan ríkisstjórnarinnar um frumvarpið. Minnisblað um áform ráðherrans í málefnum einkarekinna fjölmiðla var til umræðu á ríkisstjórnarfundi daginn eftir, á föstudag.

Lilja segir sjálf að málinu hafi verið vel tekið innan ríkisstjórnarinnar. „Það er mikill stuðningur frá Framsókn og VG. Formaður allsherjar- og menntamálanefndar sagðist sáttur við frumvarpið þó að mætti gera meira í samtali við fjölmiðla,“ segir Lilja og á þar við Pál Magnússon, fyrrverandi útvarpsstjóra og þingmann Sjálfstæðisflokks, sem tjáði sig um málið í útvarpsþættinum Harmageddon í gær. Lilja hafði aðspurð að öðru leyti ekki heyrt af óánægjuröddum innan Sjálfstæðisflokksins, en nefndi að fulltrúi frá fjármálaráðuneytinu hefði komið að vinnu frumvarpsins.

Lilja kynnti efni frumvarpsins í menntamálaráðuneytinu þann 31. janúar síðastliðinn. Þar segir að einkareknir fjölmiðlar geti sótt um styrki í formi endurgreiðslu á allt að 25 prósentum við rekstur ritstjórnar. Fyrir styrkveitingunni eru sett ýmis skilyrði svo sem að efni fjölmiðils sé fjölbreytt og fyrir allan almenning, það byggist á fréttum, fréttatengdu efni og samfélagsumræðu í víðum skilningi. 50 milljóna króna þak verður sett á hámarksfjárhæð styrkja til fjölmiðlanna.



Lilja Alfreðsdóttir menntamálaráðherra segir frumvarpið vel unnið og hefur ekki heyrt af óánægju innan samstarfsflokks síns. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

> Frumvarpið er í samráðsgáttinni til þess að umsagnir og athugasemdir berist.
>
> Lilja Alfreðsdóttir menntamálaráðherra

Málið var rætt á þingflokksfundi Sjálfstæðisflokksins í gær. Þeim sem Fréttablaðið ræddi við kom meðal annars saman um að ef ekkert væri gert í fyrirferð Ríkisútvarpsins á auglýsingamarkaði, sem skekkti samkeppni á fjölmiðlamarkaði, væri stuðningurinn sem leggja ætti til í frumvarpi ráðherrans við einkarekna fjölmiðla til lítils. Frumvarpið er nú í samráðsgátt stjórnvalda og samráð stendur yfir til 15. þessa mánaðar.

„Frumvarpið er í samráðsgáttinni til þess að umsagnir og athugasemdir berist. Að öðru leyti er þetta tímamótafrumvarp, sem er almennt og nær yfir mikilvægi þess hvaða hlutverki fjölmiðlar gegna,“ segir Lilja en segir aðspurð, að fullsnemmt sé að segja til um hvort frumvarpið fari í gegnum þingið óbreytt.

**kjartanh@frettabladid.is**


Ótakmarkað gamanmagn
Endalaust Internet fyrir 6.990 kr. á mánuði*
Uppsetning innifalin
Kláraðu málið á vodafone.is, í síma 1414 eða komdu við í næstu verslun.
Framtíðin er spennandi.
Ertu til?
vodafone
Hluti af sýn
*Aðgangsgjald og netbúnaður ekki innifalið í verði.

# Framkvæmdum verði flýtt með fjármagni úr ríkissjóði

**SAMGÖNGUMÁL** „Gagnrýni okkar gagnvart meirihlutanum lýtur að því að hafa tekið tveggja mánaða vinnu og kastað henni upp í loft í desember. Þau vildu endilega ræða hugmyndir þingmanna Sjálfstæðisflokksins um veggjöld en fylgja því svo í rauninni ekki eftir í sínu áliti,“ segir Helga Vala Helgadóttir, þingmaður Samfylkingarinnar og framsögumaður minnihlutans í umhverfis- og samgöngunefnd.

Minnihlutinn skilaði í gær nefndaráliti sínu um samgönguáætlun en undir það skrifa auk Helgu Völu þau Hanna Katrín Friðriksson, Viðreisn, og Björn Leví Gunnarsson, Pírötum.

Helga segir að áherslan á veggjöld hafi verið algert frumhlaup og mjög ótímabær umræða. Þó hafi út úr þessari vinnu fengist góður listi frá Vegagerðinni um þau verkefni sem nauðsynlegt sé að ráðast í strax af öryggisástæðum. „Við leggjum til að það verði farið í þessar framkvæmdir. Þeim verði flýtt en þær kostaðar úr ríkissjóði.“

> Þau vildu endilega ræða hugmyndir þingmanna Sjálfstæðisflokksins um veggjöld en fylgja því svo í rauninni ekki eftir í sínu áliti
>
> Helga Vala Helgadóttir, þingmaður Samfylkingarinnar

Í nefndarálitinu segir að fjármagna mætti framkvæmdir með auðlindagjaldi, hækkun veiðigjalda, gjaldtöku á ferðamenn eða minni afgangi ríkissjóðs. Minnihlutinn leggur einnig áherslu á eflingu almenningssamgangna og meiri innspýtingu í vinnu við Borgarlínu.

Enn ríkir óvissa um formennsku í nefndinni en tillögu um að setja Miðflokksmanninn Bergþór Ólason af sem formann var vísað frá í síðustu viku. Helga Vala segir óvissu ríkja um störf nefndarinnar en í gærkvöld hafði reglulegur fundur sem haldinn er á þriðjudagsmorgnum enn ekki verið boðaður. **– sar**

## Ísland styður Guaidó forseta

**VENESÚELA** Fjölmörg ríki Evrópu lýstu því yfir í gær að þau viðurkenndu Juan Guaidó sem starfandi forseta Venesúela. Í hópi þeirra ríkja er Ísland. Ríki Evrópu höfðu áður gefið Nicolás Maduro, sem gegnt hefur embætti forseta undanfarin ár, átta daga frest til að boða til kosninga í landinu. Þegar ekki var orðið við því var gripið til þess ráðs að viðurkenna hlut Guaidó.

Meðal ríkja sem þetta gerðu í gær voru Frakkland, Spánn, Þýskaland, Bretland, Portúgal, Svíþjóð, Danmörk og Holland. Samhliða því að viðurkenna Guaidó hvöttu þau hann til þess að boða til frjálsra kosninga hið fyrsta. Heimildir Reuters herma að Ítalir hafi staðið í vegi fyrir því að Evrópusambandsríkin öll myndu styðja Guaidó. „Við erum að stefna að því að lýðræði komist á í Venesúela, að mannréttindi verði virt, kosningar frjálsar og að pólitískum föngum verði sleppt,“ segir Pedro Sanchez, forsætisráðherra Spánar.



**Juan Guadió, leiðtogi stjórnarandstöðunnar í Venesúela**

„Ísland styður Juan Guaidó sem starfandi forseta Venesúela. Boða ætti til frjálsra og heiðarlegra kosninga og virða vilja fólksins,“ sagði Guðlaugur Þór Þórðarson utanríkisráðherra í tísti. **– jóe**


FRÉTTABLAÐIÐ

**Vertu fyrst/ur að lesa blaðið**

Fáðu blað dagsins í tölvupósti kl. 5.00 á morgnana.

Skráðu þig á póstlista Fréttablaðsins á **www.frettabladid.is/nyskraning**. Það kostar ekkert.


# Launauppbót og laun stjórnar hækkuð vegna góðrar afkomu

**Laun stjórnar Íslandspósts hafa hækkað um 65 prósent frá árinu 2014. Starfsmenn fengu launauppbót í fyrra eftir góða afkomu fyrirtækisins. Rúmu hálfu ári síðar þurfti ríkið að stökkva til svo að Pósturinn endaði ekki í greiðsluþroti.**



Kostnaður vegna launauppbótar til starfsmanna Íslandspósts nam 14,3 milljónum króna. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**VIÐSKIPTI** Í upphafi síðasta árs ákvað stjórn Íslandspósts ohf. (ÍSP) að greiða starfsmönnum fyrirtækisins launauppbót í ljósi góðrar afkomu fyrirtækisins. Rétt rúmu hálfu ári síðar fékk fyrirtækið 500 milljóna króna neyðarlán frá ríkissjóði til að forðast gjaldþrot. Um svipað leyti lagði stjórn ÍSP það til að hækka laun sín. Þetta er meðal þess sem lesa má úr fundargerðum stjórnar.

Á fundi stjórnar 29. janúar 2018 viðraði Ingimundur Sigurpálsson, forstjóri ÍSP, hugmyndir framkvæmdastjórnar fyrirtækisins um að greiða starfsfólki þess launauppbót. Langt væri liðið síðan slíkt hefði verið gert en áætlaður rekstrarafgangur ársins 2017 gæfi tilefni til þess. Árið 2017 hagnaðist ÍSP um 216 milljónir og hafði árið áður skilað rúmlega 120 milljóna afgangi. Árin þrjú á undan hafði samanlagt tap á móti verið 280 milljónir króna.

Á fundinum samþykkti stjórn að greiða starfsmönnum, sem voru á launaskrá á föstum mánaðarlaunum 1. nóvember 2017 og störfuðu enn þar 1. febrúar 2018, 20 þúsund krónur miðað við fullt starf. Hlutastarfsfólk fékk greiðslur í samræmi við starfshlutfall en þó aldrei minna en 10 þúsund krónur. Áætlaður kostnaður nam 14,3 milljónum króna.

> Laun forstjóra ÍSP voru hækkuð um 25 prósent af stjórn eftir að hann færðist undan kjararáði.

Á fundi stjórnar tæpum mánuði síðar, eða þann 23. febrúar, gerði stjórn tillögu um að laun hennar myndu hækka. Laun almennra stjórnarmanna myndu hækka úr 140 þúsund krónum á mánuði í 165 þúsund krónur. Laun formanns stjórnar eru tvöföld laun stjórnarmanns og fór hann því úr 280 þúsund krónum á mánuði og upp í 330 þúsund krónur. Hækkunin nam því tæpum átján prósentum.

Sé litið aftur til ársins 2014 þá hafa laun stjórnarmanna ÍSP hækkað ár hvert. Hækkunin hefur verið á bilinu ellefu til tólf prósent ár hvert. Hafi tillaga stjórnar um hækkun launa sinna verið samþykkt á aðalfundi ÍSP í fyrra þá hafa laun stjórnarmanna hækkað um 65 prósent frá árinu 2014. Formaður stjórnar er Bjarni Jónsson, varaþingmaður Vinstri grænna, og meðal stjórnarmanna er Svanhildur Hólm Valsdóttir, aðstoðarmaður fjármálaráðherra.

Framkvæmdastjórn ÍSP mynda auk forstjóra fimm framkvæmdastjórar. Af ársreikningum áranna 2014-2017, en ársreikningur 2018 liggur ekki fyrir fyrr en eftir tæpar þrjár vikur, má sjá að laun forstjóra hafa hækkað um tæp 43 prósent á tímabilinu. Þá hafa laun og hlunnindi framkvæmdastjóra hækkað um rúm tólf prósent. Að auki nýtur framkvæmdastjórn bifreiðahlunninda frá fyrirtækinu.

Forstjóri heyrði undir kjararáð til 1. júlí 2017 en síðan þá hefur það verið í verkahring stjórnar að ráða kjörum hans. Í svari fjármálaráðherra við fyrirspurn Þorsteins Víglundssonar, frá maí í fyrra, kemur fram að laun Ingimundar hafi hækkað um 25 prósent við það. Af áðurnefndri fundargerð í janúar 2018 má sjá að til ósættis hefur komið en þá lagði Ingimundur fram bókun um að hann teldi að afgreiðsla stjórnar á fjárhæð launagreiðslna hans væri ekki í samræmi við ráðningarsamning frá nóvember 2014.

**joli@frettabladid.is**





OUTLANDER PHEV

Mitsubishi Outlander PHEV er rafdrifinn & svo miklu meira. Tvær öflugar rafvélar og S-AWC-aldrifið skila auknu afli og afköstum sem gera allar aðstæður leikandi léttar. Kynntu þér vinsælasta bílinn á Íslandi.

Verð frá 4.690.000 kr.

MITSUBISHI MOTORS
Drive your Ambition

HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · BVA Egilsstöðum





ICELANDAIR

# 25 % VILDARPUNKTA AFSLÁTTUR

til allra áfangastaða Icelandair

## Fyrir Vildarpunktasafnara í Vinahópi Olís og ÓB

Þú færð 25% endurgreiðslu á þeim punktum sem þú notar, hvort sem flugið er greitt með punktum að fullu eða að hluta, og getur nýtt þá í veitingar, spennandi vörur um borð, eða einfaldlega safnað upp í næstu ferð. Þú safnar að sjálfsögðu einnig punktum þegar þú notar punkta til bókunar – eins og alltaf.

**Bókunartímabil: 5.–7. febrúar**
**Ferðatímabil: 5. febrúar til 31. maí**

**Nánar á olis.is**

Vinahópur




**Vinahópurinn er vildarklúbbur lykil- og korthafa**
Olís og ÓB. Kynntu þér Vinahópinn á olis.is

# Flogið rakleitt úr kyrrsetningu til Vestamannaeyja

**FLUGMÁL** Dornier-skrúfuþotu flugfélagsins Ernis var flogið rakleitt í áætlunarflugi frá Reykjavík til Vestmannaeyja eftir að Isavia aflétti kyrrsetningu á vélinni síðdegis í gær.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu 10. janúar var þessi stærsta flugvél Ernis kyrrsett vegna tæplega 100 milljóna króna skuldar við Isavia vegna lendingargjalda og annarra þjónustugjalda félagsins. Samkomulag um uppgjör skuldarinnar var undirritað í gær og vélin því laus fyrir Erni.

Guðjón Helgason, upplýsingafulltrúi Isavia, segir trúnað ríkja um innihald samkomulagsins. „Eina sem ég get sagt er að samkomulagið er ásættanleg og hagfellt fyrir Isavia,“ segir hann.

Aðspurður hvort fleiri flugrekstraraðilar væru á bláþræði gagnvart Isavia á svipaðan hátt og Isavia var sagðist Guðjón ekki geta gefið slíkar upplýsingar. Honum vitanlega væri kyrrsetning vélar Ernis aðeins sú þriðja sem beitt hefði verið. Áður hafi flugfélögin Iceland Express á sínum tíma og Air Berlin fyrir rúmu ári orðið fyrir slíku.

„Þetta er lokaúrræði sem við beitum að mjög vel íhuguðu máli og eftir að búið er að leita annarra leiða til að leita lausna,“ segir Guðjón Helgason. **– gar**



**Skrúfuþotan er stærsta vél flugfélagsins Ernis.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Saman á móti rest í stjórnarskrármálinu

## Formaður Miðflokksins og Sjálfstæðisflokksins telja ekki þörf á heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar. Forsætisráðherra og formenn annarra flokka eru á öndverðum meiði.


**Bjarni og Sigmundur eru sammála um að ekki sé þörf á heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar.** FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

**STJÓRNMÁL** Sigmundur Davíð Gunnlaugsson er sammála Bjarna Benediktssyni um að ekki sé þörf á heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar. Þetta kemur fram í fundargerð af fundi formanna stjórnmálaflokkanna um endurskoðun stjórnarskrárinnar 16. janúar síðastliðinn.

Á fundi formannanefndarinnar í október lét Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, bóka að hann teldi ekki þörf á heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar. Þótt hann beri virðingu fyrir ólíkum sjónarmiðum formannanna um efnið teldi hann hópinn kominn á kaf í umræðu um efni sem standi fyrir utan það sem hann telji þörf á að ræða.

Á janúarfundi formannanna hóf Logi Einarsson, formaður Samfylkingarinnar, umræðu um efnið í tilefni fyrrgreindrar bókunar Bjarna. Var bókað eftir Loga að spurningar vöknuðu um hvort forsendur fyrir áframhaldandi vinnu væru brostnar, enda væri skýrt tekið fram í minnisblaði forsætisráðherra um vinnu formannanefndarinnar að um heildarendurskoðun væri að ræða.

Nokkur umræða fór fram um efnið meðal formanna flokkanna og í kjölfarið lagði forsætisráðherra fram bókun um mikilvægi þess að halda áfram því verkefni sem þau hefðu hafið sem fæli í sér heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar á tveimur kjörtímabilum. Undir bókun forsætisráðherra tóku formenn Viðreisnar, Flokks fólksins og Framsóknarflokksins.

Formaður Miðflokksins kvaðst hins vegar vilja taka undir bókun formanns Sjálfstæðisflokksins frá fyrri fundi.

„Það liggur fyrir að flokkarnir hafa ólíkar skoðanir um hversu miklu eigi að breyta en sú vinna sem hefur átt sér stað hefur gengið mjög vel og er á áætlun,“ segir Katrín Jakobsdóttir forsætisráðherra. Hún telur forsendur fyrir vinnunni ekki brostnar þrátt fyrir bókanir formanna Sjálfstæðisflokksins og Miðflokksins og er sátt við framvinduna í vinnunni.

> Ég get tekið undir með Katrínu að þetta er tilraunarinnar virði og það skiptir máli að reyna þetta
>
> Logi Einarsson, þingmaður Samfylkingar

„Það er auðvitað grafalvarlegt þegar það liggur fyrir fyrirkomulag sem forsætisráðherra leggur upp með og formaður flokks sem starfar með henni í ríkisstjórn sér ástæðu til að bóka gegn,“ segir Logi Einarsson um bókun sína. Hann segir mikilvægt að þeir sem komi að vinnunni hafi sameiginlegan skilning á verkefninu, ekki síst í ljósi þess hvernig vinnunni er forgangsraðað. „Ég get samt tekið undir með Katrínu að þetta er tilraunarinnar virði og það skiptir máli að reyna þetta,“ segir Logi.

Vinna formanna flokkanna um endurskoðun stjórnarskrárinnar byggir á minnisblaði forsætisráðherra frá janúar 2018. Í því er vísað til stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar þar sem vikið er að endurskoðuninni með orðunum: „Ríkisstjórnin vill halda áfram heildarendurskoðun stjórnarskrárinnar í þverpólitísku samstarfi með aðkomu þjóðarinnar og nýta meðal annars til þess aðferðir almenningssamráðs.“ Ljóst er að ekki eru allir formenn stjórnarflokkanna á einu máli um endurskoðunina, hvað sem stjórnarsáttmálanum líður.

**adalheidur@frettabladid.is**


FORD KUGA TITANIUM S AWD

YFIRBURÐIR!

Hæfni og yfirburðir Ford Kuga AWD liggja í öflugu fjórhjóladrifi, mikilli veghæð og einstakri dráttargetu þar sem hann leikandi dregur 2.100 kg. Þú situr hátt í Kuga, akstursEiginleikar eru fyrsta flokks og þægindin í hámarki. Ford Kuga er búinn íslensku leiðsögukerfi.

-520.000 KR. + VETRARDEKK!

**TITANIUM S PAKKI**
**Viðbótarbúnaður við Titanium:**
- Leðuráklæði á sætum
- Rafdrifnar stillingar á ökumannssæti
- Fjölstillanlegt farþegasæti
- Öryggispakki (árekstrarvörn, veglínuskynjari, ökumannsvaki, umferðaskiltalesari, sjálfvirk aðalljós, regnskynjari í framrúðu)
- Vindskeið að aftan
- Upphitanlegt stýri




Ford Kuga Titanium S AWD
2.0, 150 hestöfl, dísil, sjálfskiptur
**Verð: 6.390.000 kr.**

TILBOÐSVERÐ:
5.870.000 KR.

brimborg
Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

ford.is




Meðal nýjunga sem eru staðalbúnaður í nýjum BMW X5 er: BMW-bendistjórnun sem gerir ökumanni kleift að stjórna hljóðstyrk hljómtækja, móttöku eða höfnun á símtali ásamt fjölda annarra aðgerða snertilaust með handahreyfingu. Einnig þráðlaus farsímahleðsla og fullkomið leiðsögukerfi með Íslandskorti sem hægt er að birta á stafrænu mælaborði. Meðal valkvæðra nýjunga má nefna BMW leiser aðalljós og kristalklæddan gírstangarhnúð með upplýstu X-Drive tákni.

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

FRÉTTABLAÐIÐ

# SKOÐUN

## Ár lotukerfisins



Kjartan Hreinn Njálsson
kjartanh@frettabladid.is

Í lotukerfinu er að finna mikilfenglega frásögn," sagði Audrey Azoulay, aðalframkvæmdastjóri Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNESCO), í París í síðustu viku þegar hátíðarhöldum í tilefni af 150 ára afmæli lotukerfisins var ýtt úr vör. Hún bætti við: „Markmið þessarar sögu er að hjálpa okkur að skilja innsta eðli allra hluta."

Árið 2019 er alþjóðlegt ár lotukerfisins. Flest þekkjum við lotukerfið – þessa undarlegu kassaröð sem hékk á vegg í skólastofunni sem stolt yfirlýsing um að hér væru sannarlega vísindi stunduð – en fæst höfum við freistað þess að raunverulega skilja skammstafanirnar, loturnar og gildisrafeindirnar sem mynda grundvöll þessa sögulega afreks mannsandans sem lotukerfi Rússans Dmítrí Mendelejev er.

Það er engin skömm að því. En allir, þá sérstaklega þau ungmenni sem nú sitja á skólabekk og virða fyrir sér lotukerfið ýmist af undrun eða fyrirlitningu, ættu að fá tækifæri til fræðast um og upplifa þá einstöku auðmýkt sem lotukerfið framkallar þegar það er skoðað í heild sinni.

Því hin ókláraða saga sem Azoulay vísaði til er sannarlega mikilfengleg. Frásögnin, eins og er sögð í lotukerfi samtímans, segir okkur frá því hvernig vetni, helíum og tiltölulega lítið af liþíni mynduðust við þúsund milljarða gráðu hita, örfáum sekúndum eftir Miklahvell; hvernig öll frumefni léttari en járn myndast í kjarnasamruna í hjarta sólstjarna, og dreifast um alheiminn þegar dauðvona stjörnur þeyta ytri lögum sínum út í svartnættið; hvernig öll þyngri frumefni verða til í samruna í sprengistjörnum. Saga þessi er endurskrifuð í sífellu. Efnasamsetning alheimsins – skoðuð á nægilega löngum tímakvarða – er síbreytileg.

Um leið er sagan sem lotukerfið segir okkur ekki aðeins saga aðgreiningar og flokkunar. Í lotukerfinu er að finna þá þekkingu sem þarf til að sameina frumefnin, í göfugum jafnt sem skelfilegum tilgangi. Í lotukerfinu finnum við bæði uppskriftina að lífsnauðsynlegum lyfjum og efnavopnum. Í þessari einföldu töflu endurspeglast bæði eiginleiki mannskepnunnar til að láta gott af sér leiða og sá ljótleiki sem oft virðist einkenna tegundina okkar.

Breski heimspekingurinn Bertrand Russell komst að þeirri vafasömu niðurstöðu eftir að hafa kynnt sér eiginleika joðs og áhrif efnisins, eða skort þess í líkamanum, á gáfnafar einstaklinga, að ómögulegt væri að aðskilja sálina frá líkamlegum ferlum. Þannig væri andlegt líf mannskepnunnar, heilsa hennar og allur sá harmur sem hún upplifir í raun ekkert nema lotukerfið.

Þrátt fyrir djúpstæða þekkingu á frumefnum og efnasamsetningu heimsins, þá er augljóslega margt sem við vitum ekki. Ekki er hægt að ímynda sér heppilegri tímasetningu til að virkja forvitni og kraft þeirra sem nú sitja á skólabekk til að finna þessi svör en einmitt á ári lotukerfisins.

**En allir ættu að fá tækifæri til að fræðast um og upplifa þá einstöku auðmýkt sem lotukerfið framkallar þegar það er skoðað í heild sinni.**


ISEO®




Lyklalaust aðgengi á hurðir.
Bluetooth tenging við snjallsíma, kort og lyklabólu.
Hægt að hafa marga notendur.

JÁRN&GLER
Járn & Gler hf. - Skútuvogur 1h.
Barkarvogsmegin. - 104 Reykjavík
S: 58 58 900. www.jarngler.is


### Halldór




## Frá degi til dags

**Klapp á bakið**

**Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, þingmaður og formaður Miðflokksins, upplýsti í óundirbúnum fyrirspurnatíma á þingi í gær að hann hygðist leggja fram þingsályktunartillögu þess efnis að Alþingi fagnaði því að hann og Gunnar Bragi Sveinsson hefðu dregið aðildarumsókn Íslands að ESB til baka. Einnig að ekki yrði sótt um aftur án þess að þjóðaratkvæðagreiðsla færi fram um efnið. Þingsályktunartillagan er óvanaleg enda tæp fjögur ár liðin frá því að Gunnar Bragi sendi „bréfið" til Brussel. Það skyldi þó ekki vera að Miðflokkurinn þyrfti oggulítið klapp á bakið til að rétta egóið við eftir atburði síðustu tveggja mánaða?**

**Grænt ljós**

**Til andsvara var vinstri græni forsætisráðherrann Katrín Jakobsdóttir og spurði forsætisráðherrann fyrrverandi hvað henni fyndist nú um þessa fínu tillögu sína. Af samskiptum þeirra mátti ráða að hugur þeirra væri nokkurn veginn á sömu bylgjulengd hvað aðildarumsókn varðar. Hitt er þó annað mál að það verður að teljast í hæsta máta undarlegt að stjórnarandstöðuflokkur fari þess á leit við forsætisráðherra að hann leggi blessun sína yfir þingsályktunartillögur þeirra áður en þær eru lagðar fyrir þingið.** joli@frettabladid.is

## Eltið peningana



Jón Kaldal
félagi í náttúruverndarsjóðnum The Icelandic Wildlife Fund

Í umræðum um laxeldi í sjókvíum við Ísland er stundum látið eins og þetta sé ný atvinnugrein hér við land. Í fyrra sagði til dæmis sjávarútvegsráðherra „það er kannski eðlilegt á meðan það er verið að byggja upp atvinnugreinina að fyrsta fjármögnun komi úr ríkissjóði" þegar hann var spurður út í Umhverfissjóð sjókvíaeldis.

Staðreyndin er hins vegar sú að núverandi laxeldi í sjókvíum er hluti af þriðju bylgju sjókvíaeldis við landið. Fyrri bylgjurnar tvær enduðu með milljarða króna tjóni fyrir sjóði í almannaeigu og lánastofnanir.

Sjókvíaeldisfyrirtækin við Ísland eru engin nýsköpunarfyrirtæki. Stærsta sjókvíaeldisfyrirtæki landsins var stofnað 2009. Búnaðurinn sem fyrirtækin nota hefur varla breyst í áratugi. Sjókví er enn bara netapoki í sjó.

Þessi félög eru að stærstum hluta dótturfélög vellauðugra norskra fiskeldisrisa. Þeir eiga ekki að þurfa sérstaka aðstoð ríkisins, afslátt af lögum um mengunarvarnir né nánast ókeypis afnot af sameiginlegum auðlindum íslensku þjóðarinnar. Þó er öll þessi atriði að finna í þeim frumvarpsdrögum sem sjávarútvegsráðherra hefur lagt fram um breytingar á lögum um fiskeldi.

Ekki hefur farið fram hjá neinum að eigendur sjókvíaeldisfyrirtækjanna berjast hart fyrir sínum málstað. Það er skiljanlegt þegar skoðaðir eru þeir gríðarlega miklu persónulegu hagsmunir sem eru í húfi fyrir þá og þau fyrirtæki sem þeir tengjast.

Eitt dæmi sem sýnir þessa stöðu í hnotskurn er Fiskeldi Austfjarða. Síðla árs 2017 var 45,2% hlutur í félaginu seldur fyrir 965 milljónir króna en í kaupsamningnum er klásúla um að kaupverðið muni fjórfaldast ef leyfi fást til aukinnar framleiðslu á næstu árum. Fer þá í 3,9 milljarða króna.

Þetta er dæmi um gríðarlega mögulega hækkun á innan við helmings hlut í einu fyrirtæki. Þegar það er yfirfært á markaðinn í heild margfaldast milljarðarnir. Söluvaran er aðgangur að íslenskri náttúru, sameign þjóðarinnar. Seljendurnir eru fáeinir einstaklingar.

**Þetta er dæmi um gríðarlega mögulega hækkun á innan við helmings hlut í einu fyrirtæki. Þegar það er yfirfært á markaðinn í heild margfaldast milljarðarnir.**

FRÉTTABLAÐIÐ
ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Einar Þór Sverrisson FORSTJÓRI: Ingibjörg Stefanía Pálmadóttir ÚTGEFANDI: Kristín Þorsteinsdóttir kristin@frettabladid.is
RITSTJÓRAR: Kjartan Hreinn Njálsson kjartanh@frettabladid.is, Ólöf Skaftadóttir olof@frettabladid.is, MARKAÐURINN: Hörður Ægisson hordur@frettabladid.is FRÉTTABLAÐIÐ.IS: Sunna Karen Sigurþórsdóttir sunnak@frettabladid.is.
Fréttablaðið kemur út í 85.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000, ritstjorn@frettabladid.is HELGARBLAÐ: Kristjana Björg Guðbrandsdóttir kristjanabjorg@frettabladid.is
MENNING: Kolbrún Bergþórsdóttir kolbrunb@frettabladid.is LJÓSMYNDIR: Anton Brink anton@frettabladid.is FRAMLEIÐSLUSTJÓRI: Sæmundur Freyr Árnason sfa@frettabladid.is

# Holur hljómur Bolla



**Heiðrún Lind Marteinsdóttir**
framkvæmdastjóri Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi

**Kerfið sem Bolli Héðinsson taldi að þyrfti að afnema er í raun grundvöllur fyrir því að sjávarútvegurinn getur greitt milljarða króna á hverju ári í veiðigjald og aðra skatta.**

Fyrir margt löngu lét íslenskur sjávarútvegsráðherra þau orð falla að „... við lifum ekki á varkárninni einni saman“. Þetta sagði hann eftir að Hafrannsóknastofnun hafði birt svarta skýrslu um ástand þorskstofnsins. Síðan eru liðin mörg ár og menn hafa komist að því, eftir bitra reynslu, að við lifum einmitt á varkárninni þegar kemur að umgengni við auðlindir sjávar. Við hana má svo bæta góðu skipulagi við veiðar og eljusemi sjávarútvegsfyrirtækja og sjómanna.

Lykilhlutverkið í merkilegri sögu sjávarútvegs hér á landi er aflamarkskerfið, öðru nafni kvótakerfið. Efasemdarmenn voru nokkrir í upphafi. Einn þeirra var Bolli Héðinsson hagfræðingur sem skrifar gjarnan um sjávarútvegsmál á opinberum vettvangi. Þegar aflamarkskerfið var að festa sig í sessi í kringum árið 1986 taldi Bolli Héðinsson það afleik og leist honum illa á. Um það skrifaði hann meðal annars í Sjómannablaðið Víking. Bolli sagði á þeim tíma að finna yrði kerfi sem gerði sjósókn sem arðbærasta. Hann taldi að kvótakerfið skekkti „... talsvert þá framtíðarsýn, sem við ættum að geta gefið okkur um arðbæra útgerð“. Hvatti Bolli til þess að leitað yrði nýrra leiða.

**Náttúra tímans**

Tíminn er þeirri náttúru gæddur að hann getur látið fortíðina líta furðulega út þegar maður speglar hana í samtímanum. Það sem er viðeigandi í dag á kannski engan veginn við á morgun. Það á einmitt við í þessu tilfelli. Bolli hélt því fram í nefndri grein að kvótakerfið myndi ekki leiða til arðbærs sjávarútvegs og ekki nóg með það, hann taldi að kerfið myndi draga úr hagkvæmni. Það sem gerðist var þveröfugt. Kvótakerfið reyndist grunnforsenda þess að sjávarútvegur varð arðbær og hagkvæmur.

Færum okkur þá rúm þrjátíu ár fram í tímann og gaumgæfum hvað það er sem Bolli Héðinsson vill í dag. Jú, hann telur að sjávarútvegsfyrirtæki hafi það í raun allt of gott og greiði ekki nóg til samfélagsins, svo sem lesa má af nýlegum skrifum hans. Kerfið sem Bolli Héðinsson taldi að þyrfti að afnema, er í raun grundvöllur fyrir því að sjávarútvegurinn getur greitt milljarða króna á hverju ári í veiðigjald og aðra skatta. Af þessum sökum verða skrifin nokkuð spaugileg. Þess má í framhjáhlaupi geta að sjávarútvegur er eina atvinnugreinin sem greiðir auðlindagjald og samkvæmt skýrslu alþjóðlega ráðgjafarfyrirtækisins Mackinsey er sjávarútvegur önnur tveggja atvinnugreina á Íslandi þar sem framleiðni vinnuafls er á pari við nágrannaþjóðir.

**Reynslan er ólygnust**

Það má svo rifja upp fleiri ummæli Bolla Héðinssonar um sjávarútvegsmál. Í grein í Ægi snemma á níunda áratugnum spurði hann hvort það ætti að vera í höndum Hafrannsóknastofnunar að ákveða hámarksafla. Hann taldi að svo ætti ekki að vera. Honum er að sjálfsögðu vorkunn, það voru svo sem fleiri á þeirri skoðun; að vísindin ætti eingöngu að hafa til hliðsjónar. Tíminn og reynslan hafa hins vegar einnig leitt okkur fyrir sjónir að vísindin eiga að varða veginn við ákvörðun á hámarksafla, ekki duttlungar stjórnmálamanna hvers tíma.

Ef læra má af sögunni, þá væri það líklega síst til eftirbreytni að treysta hugleiðingum Bolla Héðinssonar þegar kemur að sjávarútvegi. Óvild hans í garð sjávarútvegs er þó að vissu leyti skiljanleg. Það veldur eðlilega gremju þegar ekkert verður úr bölsótinu.

# Milligjöld lækka – loksins



**Andrés Magnússon**
framkvæmdastjóri SVÞ – Samtaka verslunar og þjónustu

**Hillir nú loks undir að þessar reglur verði einnig lögfestar á Íslandi**

Í samráðsgátt stjórnarráðsins hafa verið sett til kynningar drög að frumvarpi til laga um milligjöld í kortaviðskiptum. Þegar frumvarpið verður að lögum, sem mikilvægt er að verði á vorþingi 2019, verður búið að binda í lög hámörk s.k. milligjalda í kortaviðskiptum. Milligjöld eru þau gjöld sem m.a. verslunar- og þjónustufyrirtæki greiða til greiðslumiðlunarfyrirtækja við sérhverja greiðslu sem fram fer með greiðslukortum. Við breytinguna verður hámark þessara gjalda í debitkortaviðskiptum 0,2% af fjárhæð þeirrar vöru eða þjónustu sem keypt er. Sambærilegt hlutfall í kreditkortaviðskiptum verður 0,3%.

**Áralöng barátta**

Það sætir óneitanlega tíðindum að þessi frumvarpsdrög eru nú komin fram. Baráttan gegn háum milligjöldum í kortaviðskiptum er nefnilega eitt dæmi af mörgum um hversu hagsmunagæsla fyrir atvinnulífið getur verið mikið langhlaup. Baráttan gegn þessum gjöldum má rekja allt aftur til ársins 2002 þegar Evrópusamtök verslunarinnar – EuroCommerce –, sem SVÞ eru aðilar að, lagði fram formlega kvörtun til framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins vegna gjaldanna. Kvörtun EuroCommerce laut fyrst og fremst að því samráði sem kortafyrirtækin höfðu um milligjöldin og þ.a.l. hversu íþyngjandi þau voru fyrir verslunar- og þjónustufyrirtæki í Evrópu. Kvörtun þessi varð upphafið að málarekstri framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins gegn hinum alþjóðlegu kortafyrirtækjum, sem stóð um árabil og lauk ekki fyrr en með dómi Evrópudómstólsins, sem kveðinn var upp í september 2014. Í framhaldi af þeirri dómsniðurstöðu hófst vinna við lögfestingu reglna um hámark milligjaldanna. Hafa nú þegar verið lögfestar reglur um hámark milligjalda í nær öllum EES-löndum og hillir nú loksins undir að þessar reglur verði einnig lögfestar á Íslandi.

**Gífurlegar upphæðir**

Það eru gífurlegar upphæðir sem verslunar- og þjónustufyrirtæki vítt og breitt um Evrópu hafa greitt í formi milligjalda á undanförnum árum og áratugum. Í þeim heimi örra breytinga sem verslunar- og þjónustufyrirtæki starfa í, er eitt allra mikilvægasta verkefnið að jafna samkeppnisskilyrðin. Lögfesting reglna um hámark milligjalda er eitt skrefið í þá átt, og því er afar brýnt að þetta lagafrumvarp fái eins skjóta afgreiðslu á Alþingi og kostur er.




Það besta úr báðum heimum.

IONIQ Plug-in Hybrid sameinar það besta úr báðum heimum.
Þú getur ekið allt að 63 km á rafmagni án nokkurs útblásturs eða sett á Hybrid-stillingu fyrir bensín og rafmagn og farið hvert á land sem er.

ENNEMM / SÍA / NM92142

HYUNDAI

**Hyundai IONIQ PHEV. Verð frá: 4.390.000 kr.**

Hyundai | Kauptúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is

5 ÁRA ÁBYRGÐ ÓTAKMARKAÐUR AKSTUR

8 ÁRA RAFHLÖÐU ÁBYRGÐARTRYGGING

Hyundai býður viðskiptavinum sínum upp á eina víðtækustu ábyrgð sem völ er á. Öllum Hyundai bílum fylgir 5 ára verksmiðjuábyrgð og ótakmarkaður akstur. Að auki fylgir öllum Hyundai rafbílum 8 ára eða 200.000 km ábyrgð á aðal rafhlöðu bílsins.



Guðni Bergsson var kosinn formaður KSÍ árið 2017. Hann þarf að endurnýja umboð sitt á ársþingi sambandsins um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

# Verðum að horfa fram á veginn

**Guðni Bergsson kveðst ánægður með verk sín sem formaður KSÍ. Hann segir að það sjái til lands í málefnum Laugardalsvallar og vill taka þátt í að halda HM kvenna 2027. Guðni segir samstarfið við ÍTF ganga vel.**

**FÓTBOLTI** Á 73. ársþingi Knattspyrnusambands Íslands á laugardaginn kemur í ljós hver verður formaður KSÍ næstu tvö árin. Í framboði eru Guðni Bergsson, formaður KSÍ frá 2017, og Geir Þorsteinsson sem var formaður KSÍ 2007-17.

„Fyrst og fremst með samtali við aðildarfélögin. Ég hef fundað með þeim og kynnt þau mál sem við höfum unnið að undir minni formennsku. Á síðasta ári fórum við í skipulagðar heimsóknir til aðildarfélaganna sem hafði ekki verið gert í áraraðir. Eftir að þessi staða kom upp varð maður að bregðast við því og ræða aftur við félögin um okkar verkefni og hvernig við sjáum framtíð KSÍ fyrir okkur,“ segir Guðni í samtali við Fréttablaðið, aðspurður hvernig kosningabaráttan fari fram.

### Upplifir jákvæðni og kraft

Það eru aðildarfélög KSÍ sem kjósa formann sambandsins. En hvað er það sem brennur helst á þeim?

„Það eru vissir þættir sem félögin eru að velta fyrir sér, eins og með reksturinn. Menn hafa ákveðnar áhyggjur af því að það sé erfiðara að fá styrktaraðila en áður. En ég upplifi líka jákvæðni og kraft. Það er mikilvægt að horfa fram á veginn og halda áfram að efla okkur á fótboltasviðinu. Það þarf m.a. að byggja upp aðstöðuna og í því sambandi er nýlegt frumvarp um endurgreiðslu á byggingarkostnaði við íþróttamannvirki mikilvægt,“ segir Guðni.

Þegar hann lítur yfir árin tvö á formannsstóli kveðst hann heilt yfir ánægður með það sem hann hefur komið til leiðar.

„Ég held að við höfum gert margt gott og jákvætt undir minni formennsku. Við höfum náð árangri og farið á tvö stórmót. Við fórum á HM sem gaf okkur góðar tekjur sem félögin nutu góðs af. Ég held að við höfum styrkt rekstur skrifstofunnar og eflt markaðsstarfið. Sjálfsaflafé KSÍ hefur aukist, aðallega með því að breikka tekjugrunninn. Við höfum haldið tónleika og erum með vörumerkjasamninga á erlendum vettvangi,“ segir Guðni.

### Hillir undir lausn með völlinn

Aðstaðan á Laugardalsvellinum, þjóðarleikvangi Íslendinga, er bágborin enda í grunninn um 60 ára gamalt mannvirki. Guðni hefði kosið að vinnan við nýjan þjóðarleikvang hefði gengið hraðar fyrir sig en segir að það sjái til lands í þeim efnum.

„Ég átta mig á því að þetta er stór ákvörðun og virði það. Við erum á lokastigi í þessu ákvörðunarferli. Við verðum að vera með samkeppnishæfan völl og ég heyri ekki annað en að það sé skilningur á því. Við verðum að horfa fram á veginn, til 50 ára. Með nýjum velli opnast enn frekari möguleikar á tónleikahaldi. Það skapar okkur auknar tekjur sem eru mjög mikilvægar,“ segir Guðni. „Þetta er líka mikið hagsmunamál, fyrir félögin, t.d. hvað varðar bikarúrslitaleiki, úrslitakeppni í Íslandsmóti og líka að geta spilað vetrarleiki.“

En hversu miklu máli skiptir að komast á EM 2020 karla? „Auðvitað

> **Við erum á lokastigi í þessu ákvörðunarferli. Við verðum að vera með samkeppnishæfan völl.**
>
> Guðni Bergsson, formaður KSÍ

koma tekjurnar sér vel. Við höfum fengið á bilinu 1.200-1.300 milljónir í hagnað vegna stórmótanna sem við höfum farið á og meirihlutinn hefur verið greiddur út til félaganna. Það er almennt ekki gert í Evrópu. Hvatningin er líka mikil, sérstaklega fyrir yngstu iðkendurna, svo ekki sé talað um landkynninguna.“

Guðni segir að knattspyrnusamböndin á Norðurlöndum hafi rætt um möguleikann á að halda HM kvenna 2027 í sameiningu. „Norðurlandasamstarfið er mjög sterkt og virkt. Upphaflega var einblínt á Skandinavíu og Finnland en ég sagði að við myndum að sjálfsögðu taka þátt í að halda mótið því ég hef það að markmiði að búið verði að byggja nýjan völl þá. Við gætum verið með leiki hérna, annaðhvort í riðla- eða útsláttarkeppni.“

Ekki er enn búið að ráða yfirmann knattspyrnumála en starfið var auglýst á síðasta ári. „Í mínum huga skipta einhverjir mánuðir til eða frá ekki máli,“ segir Guðni. „Aðalmálið er að réttur einstaklingur komi inn í starfið.“

### Ekki trúverðugar hugmyndir

Mótframbjóðandi Guðna, Geir Þorsteinsson, hefur talað um að styrkja þurfi aðildarfélögin. Hann vill ráðast í breytingar á skipulagi KSÍ og stofna deildasamtök innan sambandsins.

„Ég hef ekki séð útfærsluna á þessu og finnst þetta ekkert sérstaklega trúverðugt. Við erum með deildasamtök og höfum verið í auknu samstarfi við Íslenskan toppfótbolta,“ segir Guðni um hugmyndir Geirs. „Ég tel að við höfum unnið eftir því plani að styrkja þráð á milli KSÍ og deildanna og deildasamtakanna. Við höfum unnið náið saman í móta- og markaðsmálum.“

Guðni segir að samstarfið við ÍTF, sem eru hagsmunasamtök félaga í efstu deildum karla og kvenna á Íslandi, hafi batnað með tímanum. „Það hefur gengið vel. Þetta er stór hreyfing og það eru skoðanaskipti. Ég viðurkenni að við höfum tekist á en samstarfið hefur gengið vel að undanförnu og við höfum náð saman um ýmis mál. Þetta samstarf hefur mótast og styrkst. Ef það er talað um togstreitu var hún mun meiri áður en ég kom.“

Guðni segist hafa orðið var við þá umræðu að landsliðin hafi fengið aukna athygli á kostnað félaganna og Íslandsmótsins. „Ég hef heyrt þetta sjónarmið þótt það hafi ekki margir rætt það við mig. Það má vera að einhverjum finnist það. Þegar við förum á stórmót er mikil athygli á þeim en við höfum lært af því og að vega á móti því. Við erum með innanlandssvið sem einblínir alltaf á þjónustu við félögin, sama hvað á bjátar,“ segir Guðni að lokum. **ingvithor@frettabladid.is**

## Nýjast

### Olís-deild karla

**Afturelding - Selfoss 28-29**

**Markahæstir:** Birkir Benediktsson 6, Júlíus Þórir Stefánsson 6, Elvar Ásgeirsson 5 - Haukur Þrastarson 9, Atli Ævar Ingólfsson 6, Einar Sverrisson 3, Hergeir Grímsson 3.

**ÍBV - ÍR 24-24**

**Markahæstir:** Hákon Daði Styrmisson 8, Dagur Arnarsson 5, Kári Kristján Kristjánsson 5 - Sturla Ásgeirsson 6, Björgvin Þór Hólmgeirsson 6, Pétur Árni Hauksson 4 .

| Efri | | Neðri | |
|---|---|---|---|
| Valur | 22 | Stjarnan | 12 |
| Haukar | 21 | KA | 12 |
| Selfoss | 20 | ÍR | 12 |
| FH | 20 | Akureyri | 8 |
| Afturelding | 15 | Fram | 7 |
| ÍBV | 13 | Grótta | 6 |

### Olís-deild kvenna

**ÍBV - Valur 16-29**

**Markahæstar:** Ester Óskarsdóttir 5, Arna Sif Pálsdóttir 4, Ásta Björt Júlíusdóttir 3 - Díana Dögg Magnúsdóttir 10, Ragnhildur Edda Þórðardóttir 6, Lovísa Thompson 5.

### Domino's-deild karla

**KR - Njarðvík 55-71**

**Stigahæstir:** Julian Boyd 29/11 fráköst, Kristófer Acox 7, Helgi Már Magnússon 5 - Elvar Már Friðriksson 25, Jeb Ivey 17, Maciek Stanislav Baginski 10.

**Skallagrímur - Haukar 80-79**

**Stigahæstir:** Domogoj Samac 21/10 fráköst, Eyjólfur Ásberg Halldórsson 13, Matej Bouvac 12 - Hilmar Smári Henningsson 21, Haukur Óskarsson 16, Russell Woods 14.

**Breiðablik - Keflavík 86-108**

**Stigahæstir:** Kofi Omar Josephs 21, Snorri Vignisson 14, Erlendur Ágúst Stefánsson 10 - Andri Þór Tryggvason 22, Hörður Axel Vilhjálmsson 17, Mindaugas Kacinas 17

| Efri | | Neðri | |
|---|---|---|---|
| Njarðvík | 28 | Grindavík | 16 |
| Stjarnan | 26 | ÍR | 14 |
| Tindastóll | 24 | Haukar | 14 |
| Keflavík | 22 | Valur | 10 |
| KR | 22 | Skallagr. | 8 |
| Þór Þorl. | 18 | Breiðablik | 2 |

### Enska úrvalsdeildin

**West Ham - Liverpool 1-1**

1-0 Sadio Mane (22.), 1-1 Michail Antonio (28.).

# Elvar til Skjern

**HANDBOLTI** Selfyssingurinn Elvar Örn Jónsson gengur í raðir Danmerkurmeistara Skjern í sumar. Hann hefur skrifað undir tveggja ára samning við félagið.

Elvar heldur því áfram að spila undir stjórn Patreks Jóhannessonar sem hættir hjá Selfossi eftir tímabilið og tekur við Skjern. Hjá félaginu hittir Elvar fyrir félaga sinn í íslenska landsliðinu, Björgvin Pál Gústavsson. Tandri Már Konráðsson leikur einnig með Skjern en yfirgefur félagið eftir tímabilið.

Elvar, sem er 21 árs, var í lykilhlutverki í íslenska landsliðinu á HM í Danmörku og Þýskalandi og var næstmarkahæsti leikmaður þess á mótinu með 26 mörk. **– iþs**





Miklu meira en bara ódýrt
Bílrúðusköfur
Verð frá kr. 395
Snjóskóflur
Verð frá kr. 2.995
1.285
Silikon sprey
685
Lásasprey
995
Dekkjahreinsir
685
De-icer
frá 2.995
Teygjanlegt reipi, 4 Tonn
695
Hálkubroddar
ANTI SLIP GRIP
495
Rassaþotur
frá 3.895
Startkaplar
2.485
Dráttartóg 2tonn 4m
Snjósköfur
Verð frá kr. 2.985
995
Rúðuvökvi
Verkfæralagerinn
Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@verkfaeralagerinn.is
Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17



Ástkær eiginmaður minn,
faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Páll Sveinsson**
Lækjasmára 4, áður Bugðulæk 4,

lést á Landspítalanum sunnudaginn 27. janúar. Útförin fer fram 8. febrúar í Laugarneskirkju kl. 11.00. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Samtök lungnasjúklinga, reikningur 115-15-372748, kt. 670697-2079.

**Sigurlína Árnadóttir**
**Árni Sveinn Pálsson** **Stefanía Dögg Hauksdóttir**
**Ómar Örn Pálsson**
**og barnabörn.**



Ástkær eiginmaður og faðir,

**Haraldur Þór Þórarinsson**
(Halli í Turninum)
Brekkugötu 5, Vestmannaeyjum,

lést á Landspítalanum 18. janúar. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

Þökkum auðsýnda samúð og sérstakar þakkir til starfsfólks Sjúkrahúss Vestmannaeyja.

**Unnur Baldursdóttir**
**Guðríður Haraldsdóttir**
**Júlíana Silfá Haraldsdóttir**



Bróðir okkar,

**Anton Haukur Gunnarsson**
frá Þingeyri,

lést á hjúkrunarheimilinu Hrafnistu 31. janúar. Útför hans fer fram frá Áskirkju föstudaginn 15. febrúar kl. 13.00.

**Nanna Magnúsdóttir** **Halldóra Magnúsdóttir**
**Kolbrún Gunnarsdóttir** **Daníel Guðmundsson**
**Sigríður Sturludóttir** **Örn Sturluson**
**Atli Sturluson** **Hrönn Sturludóttir**

*Nærgætni, hlýja og virðing* *Við andlát ástvinar*



Ísleifur Jónsson
Útfararstjóri
Farsími 821 5353

Steinunn Magnúsdóttir
Útfararþjónusta
Farsími 861 3441

ÚTFARARSTOFA ÚTR REYKJAVÍKUR
Álfheimum 35, 104 Reykjavík
Sími 553 5353 og 821 5353
www.usr.is
isleifur@usr.is
Þjónusta allan sólarhringinn




*Útfararþjónusta*
*& lögfræðiþjónusta*

Við önnumst alla þætti undirbúnings og framkvæmd útfarar ásamt vinnu við dánarbússkiptin. Við þjónum með virðingu og umhyggju að leiðarljósi og af faglegum metnaði.

*Með kærleik og virðingu*

Útfararstofa Kirkjugarðanna
Vesturhlíð 9, Fossvogi | Sími 551 1266 | útför.is

ÞETTA GERÐIST: 5. FEBRÚAR 1971

## Apollo 14 lendir á Tunglinu

Á þessum degi fyrir fimmtíu og tveimur árum lenti geimfarið Apollo 14 á Tunglinu. Apollo 14-verkefnið var áttunda mannaða geimferðin til Tunglsins, en það þriðja sem lenti á Tunglinu.

Apollo 14 lenti á stað sem kallast Frau Mauro. Geimfarar um borð í lendingarfarinu söfnuðu rúmlega 42 kílóum af tunglgrjóti en þeir gerðu einnig margvíslegar vísindaathuganir á yfirborði Tunglsins.

Leiðangursstjórinn Alan Shephard varð fyrsti maðurinn sem lék golf á yfirborði Tunglsins en hannn sló tvo bolta sem þutu út í svartnættið.

Á meðan tunglfararnir spókuðu sig um á yfirborðinu sveimaði geimfarið Kitty Hawk fyrir ofan. Þar var Stuart Roose um borð.

Roose hafði í för með sér nokkur fræ sem spíruðu. Græðlingarnir voru síðar meir gróðursettir vítt og breitt um Bandaríkin. Trén standa enn og eru kölluð Tungltré.



**Shephard á Tunglinu.** NORDICPHOTOS/GETTY



Þökkum hlýhug og samúð
við andlát og útför

**Elíasar H. Guðmundssonar**
Bolungarvík.

Hugheilar þakkir til starfsfólks hjúkrunarheimilisins Bergs fyrir einstaka alúð og umhyggju.

**Börn og fjölskyldur þeirra.**



Hjartkær bróðir okkar,
mágur og frændi,

**Jón Pétur Pétursson**
skipstjóri,

lést á dvalar og hjúkrunarheimilinu Grund þriðjudaginn 29. janúar sl. Útför hans fer fram frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 7. febrúar kl. 13.00. Blóm og kransar eru afþakkaðir en þeim er vilja minnast hans er bent á SOS barnaþorp.

**Guðlaug Pétursdóttir**
**Sigurlína Pétursdóttir**
**Halldór Pétursson** **Bryndís Björnsdóttir**
**Ingi Pétursson**
**Þorsteinn Pétursson** **Snjólaug Aðalsteinsdóttir**



Elskuleg eiginkona mín, móðir,
tengdamóðir, amma og langamma,

**Gerða Halldórsdóttir**
Pósthússtræti 1, Keflavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Hlévangi í Keflavík 31. janúar síðastliðinn.

Útförin fer fram frá Keflavíkurkirkju föstudaginn 8. febrúar kl. 13.00. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Alzheimersamtökin. Sérstakar þakkir til starfsfólks Hlévangs fyrir frábæra umönnun og hlýtt viðmót sem og öllum þeim sem reyndust henni vel.

**Guðmundur Rúnar Hallgrímsson**
**Halldór Guðmundsson**
**Hallgrímur Guðmundsson**
**Sigurbjörg Guðmundsdóttir**
**Rúnar Guðmundsson** **Rakel Hreiðarsdóttir**
**Ívar Guðmundsson** **Halldóra Magnúsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Elsu Valgarðsdóttur**
frá Hjalteyri.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki á hjúkrunarheimilinu Sólvangi fyrir góða umönnun og hlýju.

**Örn Ingólfsson**
**Valgarður Arnarson** **Anna María Antonsdóttir**
**Guðlaug Arnardóttir**
**Ingólfur Örn Arnarson** **Erla Sigurðardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær eiginmaður minn,
faðir, tengdafaðir, afi,
langafi og langalangafi,

**Ingvar Þorsteinsson**
húsgagnasmíðameistari,

lést fimmtudaginn 31. janúar.

**Steinunn Guðrún Geirsdóttir (Lillý)**
**Bergljót Erla Ingvarsdóttir**
**Þorsteinn Ingvarsson** **Ragna Gústafsdóttir**
**Geir Örn Ingvarsson** **Hallveig Ragnarsdóttir**
**Einar Ágúst Kristinsson**
**barnabörn, langafabörn og langalangafabarn.**



Innilegar þakkir fyrir hlýhug og stuðning við andlát og jarðarför móður okkar, tengdamóður, ömmu, langömmu og langalangömmu,

**Þórunnar Ólafsdóttur**
dvalarheimilinu Hlíð, Akureyri.

Sérstakar þakkir til starfsfólks og íbúa í Víðihlíð.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Ragnheiður Sigfúsdóttir** **Þorgeir Jóhannesson**
**Jón Ólafur Sigfússon** **Alda Skarphéðinsdóttir**
**Kristján Þór Sigfússon** **Ágústa Magnúsdóttir**
**Haukur Sigfússon** **Díana Björk Olsen**



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar,
tengdamóðir, amma og langamma,

**Eygló Bogadóttir**

lést þann 31. janúar sl. í faðmi fjölskyldunnar. Útför fer fram frá Lindakirkju föstudaginn 8. febrúar kl. 15.00. Sérstakar þakkir færum við starfsfólki B2 Landspítala í Fossvogi fyrir umönnun og hlýju.

**Þorsteinn E. Einarsson**
**Heiða Þorsteinsdóttir** **Sigurður B. Gilbertsson**
**Hildur M. Þorsteinsdóttir.** **Björgvin Ingvason**
**Þórey Una Þorsteinsdóttir** **Gísli Páll Davíðsson**
**Helgi Þorsteinsson**
**Leifur Már Þorsteinssson** **Gréta Gunnarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Okkar ástkæri

**Ingi Gunnar Steindórsson**
Hamraborg 26, Kópavogi,

lést 27. janúar á Landspítalanum. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju mánudaginn 11. febrúar kl. 13.00.

**Laufey C. Steindórsson**
**Perla Ýr**
**Elísa Birta**
**Jóhanna og fjölskylda**
**Dagný Gloria Berg Sigurðsson**
**Sigurður Jósef Berg Sturluson**
**Kristófer Berg Sturluson**
**Rodney, Cherry Ann og fjölskylda**
**Reynir, Charie og fjölskylda**
**Lovísa og fjölskylda**

# Fólk
## Heilsa

ÞRIÐJUDAGUR 5. FEBRÚAR 2019



# Stefnir langt í boxinu

Emin Kadri Eminsson, Hnefaleikamaður ársins 2018, er aðeins sextán ára gamall. Hann stefnir langt í íþróttinni og hefur mikinn metnað. →2

MYND/SIGTRYGGUR ARI

EINSTAKT KOLLAGEN RAKAKREM
GEFUR GÓÐA NÆRINGU OG MIKINN RAKA

Fæst í apótekum, Heilsuver, www.lyfja.is og www.heilsanheim.is

Framhald af forsíðu ➪

Starri Freyr Jónsson
starri@frettabladid.is



Mikil staðfesta og þrautseigja hefur skilað hinum sextán ára gamla Emin Kadri Eminssyni nafnbótinni Hnefaleikamaður ársins 2018. Hann hóf ungur að stunda hnefaleika en segja má að hann hafi virkilega byrjað að helga sig íþróttinni fyrir alvöru fyrir um fjórum árum, þá tólf ára gamall. Í maí á síðasta ári varð hann t.d. fyrsti Íslendingurinn til að sigra á alþjóðamóti í hnefaleikum en þá sigraði hann í sínum aldursflokki á Boxam, sterku alþjóðlegu móti sem haldið er á Spáni. Það er því óhætt að segja að framtíðin sé björt hjá þessum unga og efnilega íþróttamanni.

„Ég held að ég hafi verið 8-9 ára gamall þegar ég byrjaði í hnefaleikum. Eins og flestir jafnaldrar mínir byrjaði ég í hópíþróttum eins og fótbolta og handbolta. Ég fann mig samt aldrei þar heldur kunni ég strax betur við mig í einstaklingsíþróttum. Þar þurfti ég að stóla á sjálfan mig. Ef ég vann var það mér að þakka og ef ég tapaði gat ég engum kennt um nema sjálfum mér.“

## Hvatning frá pabba

Hnefaleikarnir voru þó ekki augljóst skref fyrir hinn unga Emin. Hann segir föður sinn eiga stærstan þátt í að ýta honum í þá átt. „Ég man að ég var ekki spenntur fyrst en pabbi hvatti mig áfram og vildi endilega að ég myndi prófa. Eftir nokkra tíma var áhuginn ekki kominn en hann píndi mig áfram. Á þessum tímapunkti vildi ég frekar hanga heima í tölvuleikjum eins og margir félaga minna og vera latur. En svo kom áhuginn smátt og smátt og eftir að hafa æft um tíma fannst mér íþróttin mjög skemmtileg. Um 11-12 ára aldurinn hóf ég að keppa og þá áttaði ég mig fyrst á því að ég var bara nokkuð góður. Frá þessum tíma hef ég tekið íþróttina föstum tökum enda hefur þetta verið mikil vinna en um leið auðvitað mjög gaman.“

## Mikil hvatning

Það skipti hann því miklu máli að hljóta útnefninguna Hnefaleikamaður ársins á síðasta ári. „Það var frábært að fá þau verðlaun og um leið eru þau enn meiri hvatning fyrir mig til að gera betur á næstu árum. Ég hef lagt mikla vinnu í hnefaleikana undanfarin ár og þroskast mikið, þrátt fyrir ungan aldur.“

Emin keppir í ólympískum hnefaleikum þar sem keppt er í þremur lotum meðan atvinnumenn keppa í tólf lotum. Keppnisárið í fyrra var viðburðaríkt en fyrir utan það að sigra á fyrrnefndu móti á Spáni tók hann m.a. þátt í Olaine Cup í Lettlandi og stuttu síðar í Riga Open, sem einnig var haldið í Lettlandi.

„Boxam á Spáni var gríðarlega sterkt alþjóðlegt mót þar sem tólf þjóðir tóku þátt. Ég vann Spánverja í úrslitunum og var það afar sætur sigur. Í september tók ég svo þátt í Olaine Cup í Lettlandi sem er einnig alþjóðlegt mót. Þar keppti ég við Íra í undanúrslitum og sigraði unglingameistara Lettlands í úrslitum. Í nóvember sigraði ég Englending frá Romford BC á hnefaleikamóti sem Hnefaleikafélag Kópavogs hélt og tveimur vikum síðar tók ég þátt í mjög sterku alþjóðlegu móti sem heitir Riga Open og var haldið í Lettlandi. Ég sigraði keppanda frá Lettlandi í fyrsta bardaga en tapaði á móti keppanda frá Litháen í undanúrslitum.“

Auk þess sem að framan er talið varð Emin Íslandsmeistari árið 2017 í sínum aldursflokki og vann til gullverðlauna á móti í Svíþjóð sama ár.



Emin Kadri keppti gegn Ethan Tisbury úr Romford BC á hnefaleikamóti Hnefaleikafélags Kópavogs undir lok síðasta árs. MYND/RÓBERT ELÍS ERLINGSSON



Emin (t.h.) ásamt félaga sínum Kristjáni Kristjánssyni. MYND/HELGA BRÍET

## Átök fram undan

Það er sannarlega engin slökun fyrirhuguð á þessu ári. „Ég er nýlega kominn heim úr vikulöngum æfingabúðum á Írlandi og fer þangað aftur með liðinu mínu til að keppa í mars. Í lok sama mánaðar tek ég þátt í Norðurlandameistaramótinu í fyrsta sinn og langar mikið að vinna þar en enginn Íslendingur hefur sigrað á því móti. Þessa dagana er ég einmitt að leita að styrktaraðilum enda kostar sitt að taka þátt í þessu öllu saman.“

## Gítarinn róar

Allir dagar eru vel skipulagðir hjá Emin en auk þess að æfa hnefaleika stundar hann nám við Fjölbrautaskólann í Breiðholti. „Svo hef ég líka verið í gítarnámi undanfarin sjö ár en þar spila ég á klassískan gítar. Þetta er ágætis blanda, hnefaleikar með öllum sínum látum og svo róandi gítarleikurinn sem hvílir líkama og sál. Annars er ég frekar rólegur og „tsjillaður“ gaur þótt ég stundi hnefaleika, bara dæmigerður ungur maður á mínum aldri.“



Emin Kadri Eminsson ætlar sér langt í íþróttinni. MYND/SIGTRYGGUR ARI

**Áhugasamir lesendur geta fylgt Emin eftir á Instagram (emn_kdri).**

- Uppáhaldstónlistarmaður:
  Ég á engan einn sérstakan en þessa dagana hlusta ég nær daglega á Travis Scott.
- Uppáhaldsmatur:
  Nautalund og nautasteik með góðu meðlæti.
- Hvað færðu þér helst í morgunmat?
  Hafragraut.
- Ertu sælgætisgrís?
  Já
- Uppháhaldsíþróttamaður:
  Floyd Mayweather.
- Uppáhaldsfótboltalið:
  Real Madrid.
- Uppáhaldssjónvarpsefnið:
  Ég horfi mest á Friends og Rick and Morty.
- Hvert er draumastarfið?
  Ég vil ekki starfa við neitt annað en box í framtíðinni.

Evonia




Evonia eykur hárvöxt með því að veita hárrótinni næringu og styrk.



Fyrir Eftir

**Evonia er hlaðin bætiefnum sem næra hárið og gera það gróskumeira.** Myndirnar hér til hliðar sýna hversu góðum árangri er hægt að ná með Evonia.

www.birkiaska.is

**Fólk er kynningarblað** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**Umsjónarmenn efnis: Sólveig Gísladóttir,** solveig@frettabladid.is s. 550 5762 | **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Brynhildur Björnsdóttir,** brynhildur@frettabladid.is, s. 550 5765 | **Starri Freyr Jónsson,** starri@frettabladid.is, s. 550 5763 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is s. 550 5768

**Útgefandi:** Torg ehf | **Ábyrgðarmaður:** Kristín Þorsteinsdóttir | **Sölumenn: Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 550 5657, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656, **Ruth Bergsdóttir**, ruth@frettabladid.is, s. 550 5653,

# Bílar

ÞRIÐJUDAGUR 5. FEBRÚAR 2019

# Gerbreyttur flottari RAV4



Með fimmtu kynslóð bílsins sem bjó til jepplingaflokkinn er kominn gerbreyttur bíll. →6

ÖRUGGT START

MEÐ **EXIDE** RAFGEYMUM

Endingargóðir og sterkbyggðir rafgeymar fyrir flestar gerðir bifreiða. Veldu þaulreynda vöru frá gæðaframleiðanda.





MAX1 BÍLAVAKTIN

EXIDE TECHNOLOGIES

Hafið samband við sérfræðinga Olís í síma **515 1100** eða **pontun@olis.is** og fáið nánari upplýsingar.

olís



Rolls Royce Cullinan í ægifögru landslaginu í Courchevel.

# Skíðafólki skutlað á Cullinan í Courchevel

Það er ekki slæmur fararskjóti sem gestum Hótel Les Airelles í Courchevel í Frakklandi er boðið upp á, en þar er gestum skutlað til og frá skíðalyftunum í Rolls Royce Cullinan jeppanum nýja. Þar fer einfaldlega dýrasti fjöldaframleiddi jeppi heims, enda hvernig má minna vera fyrir gesti sem greiða allt að 1,1 milljón króna fyrir gistingu hverrar nætur. Þetta hótel er eitt dýrasta hótel Alpanna og gæti talist mun meira en fimm stjörnu. Rolls Royce mun líka verða með Rolls Royce Dawn með blæju til svipaðra nota á Le Lana hótelinu í Courchevel og gestum mun einnig bjóðast að prófa bílinn því þarna fer rétti kaupendahópurinn fyrir þá rándýru og flottu bíla sem Rolls Royce framleiðir.

**Rétti kaupendahópurinn**

Courchevel skíðasvæðið í Frakklandi er þekkt fyrir að draga að efnaðri hóp skíðaáhugamanna og þar flaksa pelsarnir um göturnar á kvöldin. Rolls Royce er einnig með kynningar á kvöldin á bílum sínum á hótelunum og getur fólk sérpantað sínar uppáhaldsútfærslur af bílum Rolls Royce á staðnum. Líklega er Rolls Royce á hárrétta staðnum til að kynna væntanlegum kaupendum bíla sína, að minnsta kosti er það þeirra trú.



Innréttingar bíla eru með allra sóðalegustu stöðum.

# Stýrishjól óhreinni en klósettsetur

Samkvæmt rannsókn sem gerð var af CarRentals.com í Bandaríkjunum eru stýrishjól bíla að jafnaði fjórum sinnum skítugri en klósettsetur. Í raun eru innréttingar bíla með allra sóðalegustu stöðum sem finna má. Í könnun CarRentals.com, þar sem spurðir voru 1.000 ökumenn, kom fram að 32% þeirra þrifu aldrei innréttingar bíla sinna, eða í mesta lagi einu sinni á ári. Í rannsóknum annarrar bandarískrar stofnunar, National Center for Biotechnology Information, er niðurstaðan fremur sjokkerandi er kemur að innréttingum bíla, en þær eru svo óhreinar að klósettsetur eru í flestum tilvikum hreinni og stýrishjól bíla eru verst og á þeim eru að jafnaði fjórum sinnum meiri óhreinindi en á klósettsetum.

Þetta ættu bíleigendur að hafa í huga í umgengni við bíla sína og ef til vill þrífa þá örlítið oftar, ekki bara að utan. Í rannsókninni mældist bakteríufjöldi á hvern fersentimetra á stýrishjólum 629 CFU en til samanburðar mælist hann 100 CFU á símaskjáum, 313 CFU á lyftutökkum og 172 CFU á klósettsetum. Ein sláandi staðreyndin enn sem þessi rannsókn leiddi í ljós er að það finnast að jafnaði 700 mismunandi bakteríutegundir í innréttingum bíla og sumar þeirra valda matareitrun, húðsjúkdómum og ýmiss konar sýkingum.

BÍLAR
www.frettabladid.is
Umsjón blaðsins
**Finnur Thorlacius**
finnurth@frettabladid.is



Auglýsingar: Atli Bergmann atli@frettabladid.is, Sími 550 5657
Útgáfufélag: Torg ehf. Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík, sími 550 5000



Líkt og fyrri ár er það Toyota Corolla sem trónir á toppi listans.

# Tíu söluhæstu gerðir heims í fyrra

## Toyota Corolla hefur á síðustu árum verið söluhæsta einstaka bílgerð í heimi og árið í fyrra var engin undantekning.

Nú þegar flestar tölur um sölu bíla í heiminum í fyrra eru orðnar ljósar er forvitnilegt að skoða hvaða bílgerðir seljast best í heiminum öllum. Líkt og fyrri ár er það Toyota Corolla sem trónir á toppi listans og það með ríflega 100.000 bíla forystu á næsta keppinaut, Ford F-Series. Af Corolla bílnum seldust alls 1.181.445 eintök í fyrra, en 1.080.757 bílar af Ford F-Series, en flestir þeirra seldust náttúrulega í heimalandinu Bandaríkjunum.

Þessi gríðarlega sala Toyota Corolla er 66 sinnum meiri en sala allra nýrra bíla á Íslandi í fyrra, sem nam tæplega 18.000 bílum og myndi því duga til sölu nýrra bíla hérlendis í 66 ár. Sala 10 söluhæstu bílgerða heims í fyrra var á endanum svona:

| | |
|---|---|
| **Toyota Corolla** | **1.181.445** |
| **Ford F-Series** | **1.080.757** |
| **Toyota RAV4** | **837.624** |
| **Honda Civic** | **823.169** |
| **Volkswagen Tiguan** | **791.275** |
| **Volkswagen Golf** | **789.519** |
| **Honda CR-V** | **747.646** |
| **Volkswagen Polo** | **725.463** |
| **Toyota Camry** | **661.383** |
| **Chevrolet Silverado** | **651.090** |

Það kemur ekki á óvart að tveir stærstu bílaframleiðendur heims, Toyota og Volkswagen Group, eiga hvor sínar þrjár bílgerðirnar á lista yfir 10 söluhæstu bílgerðir, en Honda á einnig tvo bíla á listanum. Síðustu tveir bílarnir á listanum eru svo pallbílar sem seljast sem aldrei fyrr í Bandaríkjunum og víðar. Annar þeirra er næstsöluhæsta bílgerð heims, en hinn vermir neðsta sætið á lista 10 söluhæstu. Það eru margir þekktir bílaframleiðendur sem framleiða minna en nemur sölu bílsins í 10. sætinu á þessum lista. Þá er sala Toyota Corolla bílsins í fyrra meiri en öll sala Mitsubishi á sama tíma.

# Sala á dísilbílum féll mikið í Evrópu

## Dísilbílasala minnkaði um nær fimmtung í fyrra, en sala bensínbíla og umhverfisvænna bíla stórjókst.

Ein athyglisverðasta þróunin í bílasölu í Evrópu á síðasta ári var 18% minnkun í sölu dísilbíla og fór hlutfall þeirra niður í 35% af öllum seldum bílum. Bensínbílar voru 58% og bílar knúnir rafmagni að hluta eða fullu og vetnis- eða metanbílar voru 7% seldra nýrra bíla. Heildarsalan í álfunni nam 15,6 milljón bílum og stóð í stað á milli ára. Sala dísilbíla féll í 20 af 27 löndum Evrópu og minnkaði sala þeirra til dæmis um 30% í Bretlandi. Heildarsala dísilbíla var 5,69 milljónir en var 6,76 milljónir árið 2017. Hlutfall seldra dísilbíla í álfunni hefur ekki verið lægra síðan árið 2001. Búast má við því að þetta hlutfall dísilbíla muni áfram fara hríðlækkandi, en margir bílaframleiðendur áforma að hætta að framleiða dísilbíla vegna hættulegrar mengunar þeirra.

**Góð sala umhverfismildra**

Sala umhverfismildra bíla jókst um 28% og nam í heild 944.800 bílum, en var 737.400 árið 2017. Sala bíla sem eingöngu ganga fyrir rafmagni jókst mest allra gerða bíla, eða um 47%, en 24% vöxtur var í sölu Plug-in Hybrid og Hybrid bílum. Þýskaland var sem fyrr söluhæsta landið með 3.435.789 bíla skráða og næstmest var salan í Bretlandi, 2.367.147 bílar, en þar var þó 6,8% söluminnkun, sem einnig varð í Svíþjóð. Mest aukning bílasölu varð í Litháen, eða um 25,4% og salan jókst um 21,4% í Rúmeníu. Volkswagen var söluhæsta merkið í Evrópu með 1,75 milljónir bíla skráða, Renault var í öðru sæti með 1,1 milljón og Ford með 1,01 milljón. Söluhæsta staka bílgerðin var Volkswagen Golf, Renault Clio þar á eftir og Volkswagen Polo í þriðja sæti.



Söluhæsta einstaka bílgerðin í Evrópu í fyrra var Volkswagen Golf.




**Gullfalleg 20 ára afmælisútgáfa**

Nú er Yaris kominn í 20 ára afmælisútgáfu sem gleður augað allt frá Gullbringusýslu til Gjögurs. Þetta er pottþétt týpa nú sem fyrr, og hlaðin orku með Hybrid gleði og gæði í fyrsta sæti. Komdu og reynsluaktu eðalfínum Yaris hjá viðurkenndum söluaðilum Toyota.

**2 ára þjónustupakki fylgir með öllum Yaris.**

**Nú er 7 ára ábyrgð á öllum nýjum Toyota bifreiðum.**

2018
UMHVERFISVERÐLAUN ATVINNULÍFSINS
UMHVERFISFYRIRTÆKI ÁRSINS

HYBRID

7 3+4 ÁBYRGÐ
2 ÁRA ÞJÓNUSTA
FLEX

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14

*Samkvæmt opinberum mælingum DRIVECO, CARe og ENEA á aksturstíma Hybrid bíla í blönduðum akstri, án aðkomu bensínvélar. Sjá nánar á www.toyota.is.
Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega það verð og þann búnað sem tilgreindur er. Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds. Gildir eingöngu um bíla sem fluttir eru inn af Toyota á Íslandi ehf. Birt með fyrirvara um villur.


Koenigsegg bíll á bílsýningu.

# Koenigsegg og NEVS í samstarf

Sænski ofurbílaframleiðandinn Koenigsegg hefur tilkynnt um samstarf við núverandi eiganda Saab, National Electric Vehicle Sweden (NEVS), svo hér er um að ræða ekta sænskt samstarf. NEVS er í eigu kínverskra og sænskra aðila. Samstarfið gengur út á þróun rafmagnsbíla og tengiltvinnbíla í nokkuð meiri mæli en hin takmarkaða bílaframleiðsla Koenigsegg hefur hingað til verið í. Því verður þekking NEVS á rafmagnsvæðingu bíla notuð í bíla frá Koenigsegg og mun fjárfesting NEVS verða yfir 20 milljarðar króna til þessa samstarfs. Á móti mun NEVS eignast um 20% í Koenigsegg. Stofnuð verður sérstök eining kringum þetta samstarf þar sem NEVS mun eiga 65% hlut og Koenigsegg 35%.

Framlag Koenigsegg til samstarfsins verður helst í formi hönnunar, tækni og þekkingar á smíði vandaðra bíla. Bílarnir verða smíðaðir í gömlu verksmiðjum Saab í Trollhättan í Svíþjóð. Spennandi verður að sjá afurðir þessa nýstofnaða fyrirtækis með ofurbílaþekkingu Koenigsegg og þekkingu á rafvæðingu bíla frá NEVS.

# GM stærst í Mexíkó

General Motors framleiddi meira en fjórðung bíla sinna í Mexíkó og það vafalaust við lítinn fögnuð Donalds Trump. General Motors hefur verið að minnka framleiðslu bíla sinna í Bandaríkjunum og Kanada en auka hana í Mexíkó þar sem laun eru lægri. Bílaframleiðsla GM í Mexíkó jókst um 4% í fyrra og við það fór GM upp fyrir Nissan sem stærsti bílaframleiðandinn í Mexíkó, en framleiðsla Nissan minnkaði um 10% á sama tíma. Framleiðsla GM í heimalandinu Bandaríkjunum minnkaði í fyrra um 5% og um heil 33% í Kanada þar sem GM lokaði verksmiðjum. Alls framleiddi GM 834.414 bíla í Mexíkó en Nissan framleiddi þar 763.257 bíla. Flestir þessara bíla eru fluttir til sölu í Bandaríkjunum.

Framleiðsla bíla í Mexíkó dróst saman um 1% í fyrra og er það í fyrsta sinn sem það gerist frá upphafi bílaframleiðslu þar. Bílaframleiðsla í Bandaríkjunum féll um 2,6% í fyrra og um 8,8% í Kanada. Aðeins þrír bílaframleiðendur juku við framleiðslu sína í Bandaríkjunum, en það voru Tesla (+151%), Volkswagen Group (+22%) og Honda (+2,7%). Ford reyndist stærsti bílaframleiðandinn í Bandaríkjunum í fyrra og framleiddi nærri 2,4 milljónir bíla, en GM 2,1 milljón. Alls voru framleiddir 11.074.160 bílar í Bandaríkjunum í fyrra, en samtals 16.960.729 bílar ef Mexíkó og Kanada er bætt við. Búast má við því að GM auki bílaframleiðslu sína í Mexíkó þetta árið þar sem fyrirtækið bætir þar við framleiðslu á Chevrolet Blazer jeppanum sem gengur með því í endurnýjun lífdaga.


Framleiðsla GM í Mexíkó jókst um 4%.

# Agnarsmáir jepplingar frá Hyundai og Kia

## Ráðgera að bæta við enn minni jepplingum en Hyundai Kona og Kia Stonic fyrir Evrópumarkað.


Hyundai Kona, en til stendur að smíða enn minni jeppling.

Jepplingaæðið ætlar engan endi að taka og sífellt fjölgar í flóru þeirra. Nýjasta æðið er ef til vill fólgið í agnarsmáum jepplingum sem virðast eiga mikið upp á pallborðið hjá bílkaupendum. Á þann vagn ætla systurfyrirtækin suðurkóresku Hyundai og Kia að stökkva þó svo talsvert framboð sé hjá báðum fyrirtækjunum á jepplingum fyrir. Nú stendur þar til að bæta agnarsmáum jepplingi við sem væri talsvert minni en núverandi Kona og Stonic jepplingar fyrirtækjanna sem seint mundu teljast stórir. Endanleg ákvörðun um smíði þessara bíla hefur ekki enn verið tekin en ef af slíku verður, sem talið er harla líklegt, verður þessum smáu jepplingum helst beint að Evrópumarkaði. Hugsanlega yrðu bílarnir byggðir á sama undirvagni og smábílarnir Hyundai i10 og Kia Picanto og yrðu þá eingöngu í boði framhjóladrifnir.

### Óslökkvandi jepplingaþorsti

Víst er að þessir smáu bílar Hyundai og Kia yrðu undir fjórum metrum að lengd, en til samanburðar má nefna að Suzuki Jimny er 364,5 cm. Það eru fleiri bílaframleiðendur sem áhuga hafa á að bjóða smávaxna jepplinga en Jeep íhugar einnig að bjóða talsvert minni jeppling en Renegade. Volkswagen hyggst einnig smíða jeppling sem yrði minni en T-Roc og fengi hann líklega nafnið T-Track og gæti hann komið strax á markað í byrjun næsta árs.

Á hinum endanum á jeppa/jepplingaflórunni hafa Hyundai og Kia nýlega slegið út nýju spili í formi Palisade og Telluride jeppanna sem eru stærstu jeppar sem bæði fyrirtækin hafa smíðað og er þessum bílum stefnt mest að Bandaríkjamarkaði. Að auki ætlar Kia að koma fram með „crossover“-útgáfu af Ceed bíl sínum fyrir Evrópumarkað og heyrst hefur að hann muni fá nafnið Tusker.

# Volvo ætlar að tvöfalda sölu XC40

Í áætlunum Volvo kveður á um tvöföldun á sölu jepplingsins XC40 á þessu ári og með því yrði sala hans 150.000 bílar í ár. Árið í ár verður fyrsta heila árið sem bíllinn er í sölu og því eðlilegt að búast við aukinni sölu hans, en í fyrra hafði Volvo ekki undan að afgreiða bílinn upp í pantanir. Til að þetta sé nú gerlegt hefur Volvo aukið mjög framleiðslugetuna í verksmiðju sinni í Ghent í Belgíu, þar sem XC40 er smíðaður. Þessi áætlaða aukna sala í XC40 bílnum er liður í því að færa árssölu Volvo upp í 800.000 bíla á ári, en heildarsalan í fyrra nam tæplega 650.000 bílum og jókst um 12,4% á milli ára. Hafa skal í huga að sala bíla í heiminum jókst ekki í fyrra frá árinu 2017.


Volvo XC40 jepplingurinn.

Sala Volvo í Kína í fyrra jókst um 14,1% og seldust þar 130.000 bílar, en Evrópa er enn stærsti markaður Volvo og seldust þar 318.000 bílar í fyrra. Hvort tekst á þessu ári að ná 800.000 bíla heildarsölu er fremur ólíklegt, en þó er það raunhæft á allra næstu árum.

Söluhæsta bílgerð Volvo í fyrra var XC60 jepplingurinn en af honum seldust 189.459 bílar og af XC90 seldust 94.182 eintök og varð hann næstsöluhæstur. Þar á eftir kom Volvo V40/V40 Cross Country með 77.587 bíla selda og þá S90 með 57.142 eintök.


SNJALLAR HLEÐSLUSTÖÐVAR

Bílahleðslan er endursöluaðili EVBox hleðslustöðva á Íslandi. Hleðslustöðvunum má stýra með appi eða aðgangskorti og fá yfirlit yfir notkun á netinu, innbyggður vottaður orkumælir auðveldar endurrukkun. Við erum sérfræðingar í uppsetningu bílahleðslustöðva í fjölbýlishúsum og bílakjöllurum.

BÍLAHLEÐSLAN Powered by EVBOX

Akralind 9, 201 Kópavogi
bilahledslan@bilahledslan.is
www.bilahledslan.is
S: 519 4488




**Bílasalan Bílás**
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

**Bílasala Akureyrar**
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

**Bílaverkstæði Austurlands**
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

**IB ehf.**
Selfossi
www.ib.is
480 8080

**BL söluumboð**
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

**BL ehf**
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is

B|L

KOSTIR OG GALLAR

**TOYOTA RAV4**

- 2,5 LÍTRA BENSÍNVÉL OG RAFMÓTORAR
- 222 HESTÖFL
- FJÓRHJÓLADRIF EÐA FRAMHJÓLADRIF

**Eyðsla frá:** 4,5 l/100 km í bl. akstri
**Mengun:** 100 g/km $CO_2$
**Hröðun:** 8,1 sek. í 100 km hraða
**Hámarkshraði:** 180 km/klst.
**Verð frá:** 5.090.000 m.kr.
**Umboð:** Toyota á Íslandi

Kostir:
- Útlit
- Akturseiginleikar
- Afl
- Rými

Gallar:
- Hávaði frá vél í inngjöf
- Verð
- Pirrandi staðsetning skiptingar



# Gerbreyttur flottari RAV4

Með fimmtu kynslóð bílsins sem bjó til jepplingaflokkinn er kominn gerbreyttur bíll með mun öflugri drifrás, mun betri akstursgeiginleikum, meira plássi, flottari innréttingu og með hærra undir lægsta punkt.

Reynsluakstur
Finnur Thorlacius
finnurth@frettabladid.is

Það telst til tímamóta þegar mest seldi jepplingur í heimi og bíllinn sem bjó til flokkinn jepplingar er kynntur af nýrri kynslóð. Það var einmitt raunin í Barcelona fyrir stuttu og nú þegar er búið að kynna bílinn fyrir Íslendingum, enda var Evrópufrumsýning á honum hérlendis fyrir skömmu. Toyota RAV4 kemur nú af fimmtu kynslóð en hann leit fyrst dagsins ljós árið 1994 og hefur því náð virðulegum 25 ára aldri. Hann hefur frá upphafi selst vel og varð þriðja söluhæsta bílgerð heims á nýliðnu ári og alls seldust af honum 837.624 eintök, sem er hreint með ólíkindum há tala. Það voru einungis Toyota Corolla og Ford F-Series sem seldust betur á síðasta ári. Heildarsala RAV4 frá upphafi er komin yfir 9,3 milljónir eintaka og því fer hann örugglega yfir 10 milljóna markið á þessu ári. RAV4 er seldur í 180 löndum heims og er þar hluti skýringarinnar.

## Orðinn alger töffari

Fimmta kynslóð RAV4 er gerbreyttur bíll frá 4. kynslóð hans og geysimiklar jákvæðar breytingar hafa orðið á honum. Fyrir það fyrsta er hann nú orðinn mjög laglegur útlits, eiginlega algjör töffari öndvert við sumar fyrri kynslóðir hans. Í öðru lagi hefur orðið mikil aflaukning og vinsælasta Hybrid útgáfa bílsins er orðin ein 222 hestöfl. Í þriðja lagi hefur bíllinn hækkað frá vegi, er nú með 19,5 cm undir lægsta punkt, en var 18 cm af síðustu kynslóð. Mjög jákvæð breyting fyrir landann. Í fjórða lagi er bíllinn orðinn mun betri akstursbíll og er það mikilvægast fyrir marga kaupendur. Mjög margar aðrar jákvæðar breytingar mætti nefna á bílnum, svo sem mun betra fjórhjóladrif, 79 lítrum stærra skottrými og aukið innanrými fyrir alla farþega, bætt útsýni, 57% stífari yfirbyggingu, svo til jafna þyngdardreifingu að framan og aftan (51%/49%) og lægri þyngdarpunkt bílsins. Hér er því hreinlega kominn allt annar og miklu betri bíll sem allir þeir sem eru í jepplingahugleiðingum ættu að skoða.



Skottrými RAV4 hefur stækkað um 79 lítra á milli kynslóða.

## Mikil aflaukning en minni eyðsla

Ein af mest afgerandi breytingunum á RAV4 er að hann er nú kominn með nýja 2,5 lítra bensínvél og aflmeiri rafmótora. Samtals skilar aflrásin 222 hestöflum, en var 197 hestöfl af fyrri kynslóð. Fyrir þessari breytingu finnst vel og bíllinn er ekki nema 8,1 sekúndu í hundraðið og fáir jepplingar sem gera betur, nema þá af lúxusgerð. Þessi 2,5 lítra vél er alveg ný af nálinni og þrátt fyrir aukið sprengirými hefur eyðsla bílsins minnkað og er uppgefin aðeins 4,5 lítrar og 100 g/km í $CO_2$ mengun. Frábærar tölur fyrir svo mikinn bíl, en sem ávallt gæti orðið erfitt að ná þessari sparneytni. Með þessari öflugu vél og vel heppnuðum undirvagni er RAV4 orðinn þrælgóður akstursbíll sem gaman er að taka á. Hann var ekki bara reyndur á góðum malbiksvegum í nágrenni Barcelona, heldur var einnig boðið upp á torfæruakstur á bílnum þar sem hann stóð sig hrikalega vel. Toyota er ekkert að grínast þegar þeir



Toyota RAV4 hefur að áliti greinarritara fríkkað mjög og djörfungin hjá hönnuðum Toyota er orðin meiri.


Drifrásin í RAV4 er nú orðin þrælöflug, 222 hestöfl.


Innréttingin er býsna lagleg orðin og frágangur góður sem fyrr.

segja að fjórhjóladrif bílsins hafi verið mikið bætt, það fannst glögglega. Einnig fannst fyrir aukinni veghæð sem gleðja mun margan þó bíllinn sé lægri til þaksins. Eitt má þó gagnrýna varðandi vélina en þegar bílnum er gefið hressilega inn heyrist talsvert í henni, meira en við mátti búast.

### Stærri og laglegri að innan

Ekki aðeins er mikil jákvæð breyting á ytra útliti RAV4 því að innan er hann nú einnig miklu laglegri. Gegnumgangandi er áttstrend hönnun sem sést víða í bílnum. Stór upplýsingaskjár er fyrir miðju mælaborði en hann hefur verið lækkaður til að tryggja betra útsýni. Gríðargott fóta- og höfuðrými er fyrir farþega og þar sem bíllinn hefur breikkað örlítið er pláss aftur í frábært og að sjálfsögðu einnig að framan. Dyraopnunin að aftan hefur verið stækkuð til að tryggja auðveldara innstig. Farangursrýmið hefur lengst um eina 7 cm og stækkað fyrir vikið um 79 lítra og munar um minna. Hægt er að fá 800 vatta hrikalega gott JBL hljóðkerfi í bílinn með 11 hátölurum og með því má gera hann að hljómleikahöll. Efnisnotkun í innréttingunni hefur batnað, hönnunin er töff og „ambient“ lýsingu hefur verið bætt við. Geymsluhólf eru yfrin, sem og glasahaldarar. Mjög flott var að sjá að útsýni aftur sem vanalega er með hefðbundnum baksýnisspegli er nú frá myndavél sem varpast upp á „baksýnisspegilinn“ og er myndin þar ótrúlega skýr. Aðfallshorn bílsins beggja megin eru brattari sem bætir torfærugetuna og þar sem bíllinn er örlítið styttri en forverinn er hann auðveldari í borgarsnúningunum, en þrátt fyrir það er 3 cm lengra á milli öxla sem eykur akstursgæfnina. Með fimmtu kynlóð RAV4 er sannarlega kominn frábær jepplingakostur og ekki að furða að hann sé rifinn út úr Toyota umboðinu hérlendis.


Lægra lántökugjald við kaup á vistvænum bílum

Viðskiptavinir Landsbankans greiða ekkert lántökugjald við fjármögnun rafbíla og fá 50% afslátt af lántökugjaldi við fjármögnun bíla sem skilgreindir eru sem vistvænir.



Landsbankinn landsbankinn.is 410 4000

# Lamborghini takmarkar framleiðsluna

Afskaplega vel gengur hjá Lamborghini og í fyrra varð 51% söluaukning hjá fyrirtækinu og vart dæmi um annað eins hjá bílaframleiðanda, nema helst þá í tilfelli Tesla. Sala Lamborghini bíla náði nýjum hæðum í fyrra og var 5.750 eintök, en rétt er að hafa í huga að sala Lamborghini var aðeins 1.302 bílar árið 2010 og hefur aukist stórum skrefum síðan. Ástæðan fyrir því að forstjóri Lamborghini, Stefano Domenicali, vill takmarka framleiðsluna árið 2020 við 8.000 bíla er til að vernda ímynd bíla þeirra líkt og Ferrari hefur gert síðustu ár.

**» Í ár stefnir í 8.000 bíla sölu hjá Lamborghini á fyrsta heila árinu sem Urus jeppi fyrirtækisins er í sölu, en viðtökurnar við þeim bíl hafa verið með ólíkindum.**

### Urus tvöfaldar söluna

Í ár stefnir í 8.000 bíla sölu hjá Lamborghini á fyrsta heila árinu sem Urus jeppi fyrirtækisins er í sölu, en viðtökurnar við þeim bíl hafa verið með ólíkindum og liggja pantanir fyrir í bílinn sem nema allri framleiðslu hans í ár. Það þýðir um 4.500 bíla sölu á Urus og meira en tvöföldun sölu Lamborghini frá árinu 2017 til 2019. Það myndi sem sagt þýða 40% aukningu á sölu hjá Lamborghini í ár, í kjölfar 51% aukningar í fyrra.

Ferrari hefur áður lýst því yfir að fyrirtækið hafi takmarkað eigin framleiðslu við 7.000 bíla, en allar líkur eru þó á því að fram úr því hafi verið farið í fyrra og að framleiðslan hafi náð yfir 9.000 bílum. Ferrari hefur ekki enn birt sölutölur frá því í fyrra. Þau eru nokkuð öfundsverð vandamálin sem Lamborghini og Ferrari glíma við þessa dagana.



Svona gæti nýi bíllinn litið út.

# Nýr Volvo V40 verður háfættari

Einn fárra bíla Volvo sem ekki hafa verið endurnýjaðir á allra síðustu árum er Volvo V40 bíllinn, en nú er komið að nýrri gerð hans og þar mun fara háfættari bíll en forverinn þar sem farþegar hans fá mun hærri sætisstöðu. Með uppfærslu V40 verða allar bílgerðir Volvo endurnýjaðar og það á ekki svo mörgum árum. Með því eru allar gerðir bíla Volvo sem bera tölustafina 40, 60 og 90 tiltölulega nýþróaðir. Volvo átti algjört metár í fyrra í sölu og náði fyrsta sinni næstum 650.000 bíla sölu og þar á bæ skal stefnt hærra. Volvo stefnir að 800.000 bíla sölu og telur að með núverandi gerðum og þessum nýja V40 gæti það náðst.

**» Aðspurðir segja Volvo menn að ekki standi til að bæta enn minni jepplingi við bílaflóru Volvo til að reyna að auka söluna**

### Minni jepplingur ekki á leiðinni

Við þróun nýs Volvo V40 bíls var vel íhugað hvort bíllinn ætti að verða í meira jepplingaformi eða nær því að vera hefðbundinn fólksbíll og á myndinni af bílnum má sjá að hvaða niðurstöðu Volvo menn komust, þ.e. hærri bíll sem seint mun teljast annað en jepplingur. Aðspurðir segja Volvo menn að ekki standi til að bæta enn minni jepplingi við bílaflóru Volvo til að reyna að auka söluna og fylla í öll hugsanleg göt hvað bílgerðir varðar. Að sjálfsögðu verður gert ráð fyrir því að nýr V40 verði að hluta til knúinn rafmagni og því hafi hærri bíll verið heppilegri en lengri eða stærri og með því komist rafhlöðurnar fyrir. Því er hér kominn enn einn valkosturinn í sístækkandi flóru jepplinga, en það er víst það sem markaðurinn virðist kalla eftir.



Audi hefur nú þegar sent frá sér þessa mynd af tilvonadi rafmagnsjepplingi.

# Audi kynnir nýjan rafmagnsjeppling

**Stærð bílsins bendir til þess að Audi muni stefna honum gegn tilvonandi Tesla Model Y bíl og rafmagnsútgáfu af komandi Volvo XC40. Verður á stærð við BMW Q3.**

Rafmagnsvæðingin virðist á fullri ferð í herbúðum Audi en til stendur að kynna þriðju bílgerð Audi sem eingöngu er drifin áfram af rafmagni á bílasýningunni í Genf í mars komandi. Þar ætlar Audi að sýna svo til fullgerða útgáfu af þessum bíl sem vart er hægt að kalla annað en jeppling og ætti hann lítið að breytast í útliti er kemur að fjöldaframleiðslu hans.

Þessi nýi rafmagnsjepplingur er á stærð við BMW Q3. Þessi stærð bendir til þess að Audi muni stefna bílnum gegn tilvonandi Tesla Model Y bíl og rafmagnsútgáfu af komandi Volvo XC40, sem og fremur smáum rafmagnsjepplingi sem heyrst hefur að Mercedes Benz sé að setja á markað og muni sýna almenningi í ár. Þessi nýi bíll Audi mun sitja á MEB undirvagni sem ættaður er frá Volkswagen Group og ætlaður fyrir rafmagnsbíla. Audi segir að innanrými þessa nýja bíls verð ekki minna en í Audi Q5 bílnum.

### Takkalaus naumhyggjuinnrétting

Að innan verður bíllinn með naumhyggjuútliti en fyrir vikið framúrstefnulegur þar sem ekki ber mikið á tökkum, en því meira á skjáum. Líklega verður bíllinn í boði með þremur stærðum af rafhlöðum og geta kaupendur því valið um drægi, en þurfa að sjálfsögðu að borga meira eftir því sem drægið er meira. Þeir sem kunnugir er rafhlöðukostum Volkswagen Group telja að drægi þessa bíls geti orðið frá 330 til 500 kílómetra og rafhlöðurnar allt að 80 kWh. Búast má við því að bíllinn komi á markað árið 2020.

Audi hefur tilkynnt að til standi að kynna 12 mismunandi gerðir rafmagnsbíla til ársins 2025, en með þessum verða þeir orðnir þrír.

# Kia aldrei selt fleiri bíla

Kia seldi fleiri bíla í Evrópu á síðasta ári en nokkru sinni áður í sögu fyrirtækisins. Alls seldi bílaframleiðandinn 494.303 bíla í Evrópu á árinu sem er 4,7% aukning frá árinu 2017. Kia hefur nú náð þeim framúrskarandi árangri að slá árlega eigið sölumet í Evrópu síðustu 10 ár. Alls jókst salan á Kia Hybrid, Plug-in Hybrid og rafbílum um 36% á árinu. Á síðasta ári náði Kia sinni hæstu markaðshlutdeild á Íslandi eða 11,2%. Þetta er þriðja árið í röð sem Kia er næstmest selda merkið hér á landi.


Kia Stinger er einn af fjölmörgum bílgerðum Kia.

„Við erum afar stolt af þessum góða árangri. Sala á Hybrid og PHEV hefur aukist en salan í jarðefnaeldsneytisbílum, sem eru alltaf að lækka $CO_2$ gildið, var einnig mjög góð á árinu. Með opnun nýra heimkynna Kia ætlum við að bjóða upp á enn betri þjónustu við núverandi og framtíðarviðskiptavini okkar. Framtíðin er björt hjá Kia,“ segir Þorgeir Pálsson, sölustjóri Kia hjá Bílaumboðinu Öskju.

### Salan tvöfaldast frá árinu 2008

Söluhæstu bílarnir í Evrópu á síðasta ári voru nýr Kia Ceed og „crossover“ bílarnir Stonic og Niro. Þá var sala á Kia Rio og sportjeppunum Sportage og Sorento einnig mjög góð. Sala Kia bíla í álfunni hefur meira en tvöfaldast frá árinu 2008 þegar 283.643 Kia bílar seldust þar og því er ljóst að Kia er í mikilli sókn í Evrópu. Fram undan er spennandi ár hjá Kia þar sem nýr Proceed verður frumsýndur auk þess sem nýjar gerðir rafmótora verða kynntar til leiks. Það eru því öll teikn á lofti um að árangur Kia verði áfram góður á þessu ári. „Kia er eini bílaframleiðandinn sem hefur náð að auka söluna í Evrópu á hverju ári síðasta áratuginn. Gæðin, hönnunin og karakterinn í ört stækkandi bílaflota Kia hafa hjálpað okkur að ná þessum frábæra árangri og auka markaðshlutdeildina um meira en helming síðan 2008,“ segir Emilio Herrera, framkvæmdastjóri hjá Kia Motors í Evrópu.

Bílaframleiðandinn býður sem fyrr sjö ára ábyrgð á öllum bílum sínum.

# Gamlar eldhúsinnréttingar verða eins og nýjar

Sprautun.is sérhæfir sig í bílaréttingum, sprautun og húsgagnalökkun. Mikil eftirspurn er eftir húsgagnalökkun enda er það hagstæður kostur og innréttingar og hurðir verða eins og nýjar.



Pétur Sverrisson, einn af eigendum Sprautun.is, segir nóg að gera þessa dagana í viðgerðum á bílum enda verða ófá óhöpp í vetrarfærðinni. MYND/SIGTRYGGUR ARI

Mikið er að gera hjá Sprautun.is þessa dagana enda smátjón og stærri beyglur á bílum algengar í snjó og hálku. „Við sinnum bæði stórum og smáum verkefnum og getum séð um flest réttingaverkefni enda er aðstaðan hjá okkur hér á Smiðjuvegi 16 til fyrirmyndar,“ segir Pétur Sverrisson, einn eigenda fyrirtækisins Sprautun.is.

Sex starfsmenn starfa hjá fyrirtækinu og hafa allir margra ára reynslu í faginu enda er lögð áhersla á gæði og góða þjónustu hjá Sprautun.is að sögn Péturs. Hann bendir einnig á að þar sé sérstaklega hugað að umhverfinu. „Við notum hágæða vatnsleysanleg efni frá framleiðandanum Sikkens, í staðinn fyrir leysi- og spilliefni. Efnin frá Sikkens eru frábær, þetta er 100 prósent háglanslakk sem hrindir frá sér óhreinindum og er gríðarlega sterkt og endingargott.“

> „Fólk er farið að vakna til vitundar um að það getur margborgað sig að láta sprauta gömlu innréttinguna í staðinn fyrir að kaupa nýja.



Fyrir.



Eftir.



Starfsmenn Sprautun.is hafa margra ára reynslu af bílaréttingum og sprautun.





Fyrir.



Eftir.



### Betra að gera upp en kaupa nýtt

Sprautun.is býður upp á húsgagnalökkun sem hefur notið mikilla vinsælda undanfarið. „Fólk er farið að vakna til vitundar um að það getur margborgað sig að láta sprauta gömlu innréttinguna í staðinn fyrir að kaupa nýja,“ segir Pétur. Fólk kemur þá á staðinn með fronta og hliðar á eldhús- eða baðinnréttingum og starfsmenn Sprautun.is pússa, grunna og mála. Einnig er vinsælt að láta sprauta innihurðir sem er farið að sjá á. „Innréttingar og hurðir verða eins og nýjar eftir sprautulökkunina.“ Pétur bendir á að lakkið hrindi frá sér óhreinindum, auðvelt sé að þrífa það auk þess sem það sé einstaklega áferðarfallegt og verndi gegn sliti og ágangi. Hann segir viðskiptavini sína afskaplega ánægða með útkomuna.

### Tjónaskoðun

Sprautun.is þjónustar öll tryggingafélögin og framkvæmir tjónaskoðun á bílum. „Við notum CABAS tjónamatskerfið sem er beintengt miðlægum gagnagrunni allra tryggingarfélaganna,“ upplýsir Pétur.

Nánari upplýsingar má finna á www.sprautun.is. Þá eru allir velkomnir í heimsókn hjá Sprautun.is á Smiðjuvegi 16, grænni götu.

**KOSTIR OG GALLAR**

**HYUNDAI NEXO VETNISBÍLL**

- RAFMÓTORAR KNÚNIR AF VETNI
- 163 HESTÖFL
- FRAMHJÓLADRIF

**Drægi:** 600 km í bl. akstri
**Mengun:** 0 g/km $CO_2$
**Hröðun:** 9,2 sek. í 100 km hraða
**Hámarkshraði:** 177 km/klst.
**Verð frá:** 7.800.000 m.kr.
**Umboð:** BL Kauptúni 1

Kostir:
- Útlit
- Akstureiginleikar
- Búnaður
- Umhverfisvænn

Gallar:
- Fáar hleðslustöðvar
- Verð

# Bíll sem markar tímamót

Það er eins og stíga inn í framtíðina að prófa Nexo. Svo virðist sem Hyundai hafi náð frábærum tökum á vetnistækninni í þessum vel búna og laglega bíl sem í leiðinni er umhverfisvænn.

Reynsluakstur
Finnur Thorlacius
finnurth@frettabladid.is





Hyundai Nexo vetnisbíllinn er bæði laglegur að utan sem innan, hlaðinn nýjustu tækni og umfram allt frábær akstursbíll.

Þeir eru ekki margir vetnisbílarnir enn sem komið er, en ef þessi bíll gefur tóninn eiga þeir sannarlega framtíðina fyrir sér. Fyrir það fyrsta er geggjað að aka þessum Hyundai Nexo og svo er hann eins umhverfisvænn og hægt er að vera. Orkugjafinn er vetni sem gengur í samband við súrefni og úr verður rafmagn sem knýr rafmagnsmótorana. Það sem kemur út úr bílnum er vatn og súrefni og það í sinni hreinustu mynd. Reyndar er súrefnið sem bíllinn tekur inn á sig oft á tíðum mengaðra en það sem bíllinn lætur frá sér. Bíllinn er því í leiðinni lofthreinsari.

En nóg af því hve hann er umhverfisvænn því flestir munu kunna enn meira að meta að aka og umgangast þennan gæðagrip. Hann er það góður í akstri að undrum sætir og hann er líka snarpur og kom það greinarskrifara skemmtilega á óvart, þó svo hann sé ekki alveg jafn snarpur og öflugustu rafmagnsbílar. Hyundai Nexo er skráður fyrir 163 hestöflum og þar sem þau koma öll inn við inngjöf er ferlega gaman að gefa honum inn. Togið er líka ansi gott, eða 395 Nm. Millihröðunin þegar bíllinn er svo kominn á nokkra ferð er ekki eins áhrifarík, en alveg viðunandi. Það gleður svo alltaf ökumann að aka um á hljóðlausum bíl, en það heyrist hreinlega ekkert í rafmótorunum.

## Geggjað flottur að innan

Nexo er algerlega nýr bíll úr smiðju Hyundai og á fátt sameiginlegt með öðrum bílgerðum Hyundai og er auk þess harla ólíkur þeim flestum í útliti. Hann er býsna laglegur að utan og hreint hrikalega flottur að innan. Þar er hann miklu líkari lúxusbíl og efnisval og hönnun eins og gerist best. Sætin í bílnum eru dúndrandi flott, þægileg og rafstillanleg á alla vegu. Bíllinn er hátæknivæddur og hreinlega með öllu því nýjasta sem flestir bílkaupendur gera orðið kröfu um. Aftursætin eru engir eftirbátar framsætanna og þar er svo gott fóta- og höfuðrými að vel fer um stærri gerð fólks.

Mælaborðið er stafrænt og við hlið þess er annar 12,3 tommu upplýsingaskjár þar sem varpa má flestu fram, þar á meðal frábæru leiðsögukerfi, sem er reyndar með því allra besta sem undirritaður hefur kynnst. Miðjustokkurinn milli framsætanna er með allra breiðasta móti, mjög flatur og með fullt af tökkum. Þar er auðvelt að teygja sig í fullt af stjórntækjum sem flókið reynist oft að skrolla sig í gegnum á skjáum og ber því að fagna þessu fyrirkomulagi. Stokkurinn er þó svo flatur að oft getur reynst erfitt að greina hvað hver og einn takki gerir, en það batnar þó í myrkri þegar merkingar þeirra lýsast upp.

## Framtíðarlausn sem kostar

Það eru ekki margir bílaframleiðendur sem lagt hafa mikla áherslu á vetnisbíla hingað til, en þó helst Hyundai og Toyota með sinn ágæta Mirai bíl. Báðum þessum framleiðendum virðist mikil alvara miðað við fjármagnið sem þeir hafa lagt í þróun þeirra, sem og þeirra bíla sem litið hafa dagsins ljós. Það er hrikalega vandað til þessa Nexo bíls, allt virkar frábærlega og bíllinn fyllir mann trú á þessum orkugjafa sem einnar af þeim framtíðarlausnum sem heimsbyggðin leitar að til að leysa af hefðbundna mengandi bíla með brunavélum. En eins og ávallt er þróunarkostnaður við nýja tækni mikill og það vill endurspeglast í verði fyrstu afurðanna. Nexo er nefnilega ekki ódýr bíll og fullt verð hans er 9.658.000 kr. en endanlegt verð með stuðningi í gegnum samstarf Nýorku er um 7.800.000 kr. Það er ekki ósvipað verð og gjarnan er á stærri jepplingum eins og Hyundai Santa Fe eða Kia Sorrento.

## Mikið drægi en fáar stöðvar

Drægi vetnisbíla er einn aðalkostur þeirra og það á sannarlega við í tilfelli Nexo, en það er ríflega 600 km. Eldsneytistankur bílsins er 156,6 lítrar, en þar sem vetni er létt en orkuríkt efni vegur innihald hans, þó fullur sé, aðeins 6,33 kg. Þar kemur annar kostur vetnisbíla í ljós, en þessi léttleiki eykur akstursæfni bílsins og það kemur greinilega í ljós við aksturinn. Að þessu leyti eru vetnisbílar líka með vinninginn yfir rafmagnsbíla sem þurfa að drattast með rafhlöður í mörg hundruð kílóa vís. Líklega er þó helsti ókosturinn enn við vetnisbíla hve óvíða er hægt að fylla á þá, en þó fer stöðvum fjölgandi og ein þeirra var nýlega opnuð í Reykjanesbæ og önnur við Vesturlandsveg í Reykjavík og fleiri stöðvar eru á leiðinni. Vetnið er framleitt í jarðvarmavirkjuninni á Hellisheiði og aðeins tekur 5 mínútur að fylla bílinn, en þrýstingurinn á nýju dælustöðvunum tryggir að tankurinn fyllist. Það vildi bregða við á fyrri vetnisstöðvunum að það næðist ekki nema að hálfu leyti.










Hyundai Nexo er með harla óvenjulega en flotta innréttingu og flóð af tökkum.




Taktu vel á móti vetri í Volkswagen jeppa á lægra verði.
Touareg
Tiguan
T-Roc
Volkswagen jeppar á lægra verði.
Volkswagen er með breiddina í jeppum sem fást allir fjórhjóladrifnir og tilbúnir fyrir veturinn. Nú mætum við hvaða færð sem er og lækkum verðið á öllum jeppum frá Volkswagen. Einstakt tækifæri til að auka öryggi fjölskyldunnar í umferðinni. Komdu í HEKLU, skoðaðu Volkswagen jeppaúrvalið og náðu þér í einn á lægra verði. Hlökkum til að sjá þig!
Vetrar Verð
Touareg Offroad
3.0 TDI V6 Fjórhjóladr. Sjálfsk.
Vetrarverð
8.550.000 kr.
Verðlistaverð
~~9.290.000~~ kr.
Afsláttur
740.000 kr.
Tiguan Allspace Comfortline
2.0 TSI Fjórhjóladr. Sjálfsk.
Vetrarverð
6.390.000 kr.
Verðlistaverð
~~7.290.000~~ kr.
Afsláttur
900.000 kr.
T-Roc Style
2.0 TDI Fjórhjóladr. Sjálfsk.
Vetrarverð
4.590.000 kr.
Verðlistaverð
~~4.890.000~~ kr.
Afsláttur
300.000 kr.
FIMM ÁRA ÁBYRGÐ HJÁ HEKLU 5
Sýningarsalurinn okkar á netinu er opinn allan sólarhringinn. Skoðaðu úrvalið!
www.hekla.is/vwerslun
Volkswagen
5 ára ábyrgð fylgir fólksbílum HEKLU að uppfylltum ákvæðum ábyrgðarskilmála. Þá er að finna á www.hekla.is/abyrgd
www.volkswagen.is
HEKLA · Laugavegi 170-174 · Reykjavík · Sími 590 5000 · hekla.is
Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · BVA Egilsstöðum

# BÍLAR

## Aðsóknin á bílasýninguna í Detroit féll

Nokkuð hefur dregið úr fjölda gesta á stærstu bílasýningum heims síðustu árin og það gerðist einnig á þeirri síðustu, þ.e. Detroit Auto Show nú í nýliðnum janúar. Féll aðsóknin um rúm fjögur prósent, en 774.179 gestir mættu á sýninguna, en gestirnir árið áður voru 809.161. Þrátt fyrir að nokkrar spennandi frumsýningar á goðsagnakenndum bílum hafi verið í Detroit, svo sem á Toyota Supra og Ford Mustang Shelby GT500, þá dugði það ekki til að þessu sinni, en rétt er að minnast þess að margir af þekktari bílaframleiðendum heims ákváðu að mæta ekki með bíla sín til sýningarinnar, svo sem BMW, Mercedes Benz og Audi.



Toyota Supra á bílasýningunni í Detroit.

Bílasýningin í Detroit hefur hingað til verið haldin í janúar en forsvarsmenn hennar ætla að breyta um takt og halda hana næst í júní í viðleitni sinni til að auka áhuga bílaáhugamanna á að mæta til sýningarinnar. Færri blaðamenn mættu einnig á sýninguna nú en fyrir ári, eða 4.568 á móti 5.078 árið áður. Þá voru einnig mun færri frumsýningar á bílum, eða 44 nú í stað 69 árið 2018 og 71 árið 2017.



Nú er hægt að leigja Lamborghini Urus, en það kostar sitt.

## Lamborghini Urus kominn á bílaleigur vestanhafs

Það var líklega bara tímaspursmál hvenær bílaleigur heimsins byðu Lamborghini Urus jeppann til láns fyrir aðdáendur ofurjeppa og þrjár bílaleigur vestur í Bandaríkjunum hafa riðið á vaðið. Þar geta bílaáhugamenn kynnst þessum 641 hestafls jeppa sem fer sprettinn í hundraðið á litlum 3,6 sekúndum en það kostar sitt. Dagurinn kostar 1.308 dollara, eða 155.000 krónur. Það er ekki lítið fé þegar haft er í huga að hæglega er hægt að leigja sér bíl fyrir tíu þúsund kall á dag. En allt fyrir upplifunina og vonandi munu þeir sem leigja sér bílinn njóta þess, en þessi bíll er jú eini bíll Lamborghini sem ekki er hræddur við að verða skítugur.



Stríðnimynd af jepplingnum.

## Mitsubishi mætir með rafmagnaðan juppling í Genf

Það koma ekki margar fréttirnar almennt frá japanska bílaframleiðandanum Mitsubishi en ein glæný hermir að fyrirtækið muni mæta með nýjan rafmagnsjeppling á bílasýninguna í Genf í mars komandi. Ekki er mikið vitað um þennan bíl, nema helst að hann mun fá nafnið Engelberg Tourer, en það kemur frá Alpabæ einum í Sviss sem þekktur er fyrir mótorsport.

» Fátt er vitað um þennan rafmagnsbíl, nema að hann mun fá heitið Engelberg Tourer.

Af myndinni af bílnum að dæma ætlar Mitsubishi að notast við myndavélatækni í stað hliðarspegla og er slíkt títt með nýja bíla, en stenst þó ekki lög í flestum löndum. Mitsubishi hefur verið að gera það gott undanfarið með Outlander PHEV bíl sinn sem selst víða einkar vel, en hann var söluhæsta einstaka bílgerð á Íslandi á síðasta ári.



# Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

## Bílar & Farartæki

KRÓKUR

**ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?**
Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**

## Þjónusta

### Pípulagnir

Pípulagningameistari getur bætt við sig verkefnum á viðhaldi og viðgerðum. Uppl. í s. 778 1604.

### Hreingerningar

**VY-ÞRIF EHF.**
Öll almenn þrif, fyrir heimili, húsfélög, fyrirtæki ofl. Gerum verðtilboð. S. 512 4010 www.vy.is

### Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Sími 694 7881, Janna.

### Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

### Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

### Húsaviðhald

**FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK**
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Brýt niður grílukerti af húsum. (Forðist slys og tjón.) Upplýsingar 8478704 eða manninn@hotmail.com

### Spádómar

Spái í spil,tek fólk heim. Tímapantanir. S. 891 8727. Stella. Geymið auglýsinguna

## Keypt & Selt

### Til sölu

mýranaut

Ungnautakjöt beint frá býli. Minnst 1/8 úr skrokk. Hakk, gúllas, snitsel og steikur. www.myranaut.is s. 868 7204

STIGA



**ST 5266 PB snjóblásari**
B&S mótor, 250cc, rafstart
Kastar 1-12 metra
Vinnubreidd 66 cm.
Upphituð handföng og ljós
Frábær í erfiðan snjómokstur

VETRARSÓL
Askalind 4, Kóp.
Sími 564 1864
www.vetrarsol.is

### Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Alla virka daga í verslun okkar Laugavegi 61 Jón & Óskar
**jonogoskar.is s.552-4910**

## Húsnæði

### Húsnæði í boði

**TIL LEIGU NÝLEGT 165 - 570 FM ATVINNUHÚSNÆÐI Í 116 REYKJAVÍK VERÐ FRÁ KR 990 FM**
165 og 285 fm bil með allt að 9 m lofthæð, stórar innkeyrsludyr, góð malbikuð lóð, og greið aðkoma.
**Nánari upplýsingar veitir Sverrir í s. 661 7000**

### Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sérgeymslur á mjög góðum verðum. Frá 2-17 m2. S: 564-6500

**GEYMSLUR.IS**
**SÍMI 555-3464**
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

## Atvinna

### Atvinna í boði

Heimaás

**VERKAMAÐUR / BYGGINGARVINNA**
Heimaás óskar eftir að ráða verkamann í byggingarvinnu.

Nánari uppl. í s. 8636399 Styrmir

styrmir@heimaas.is merkt "atvinna"



**GEFÐU VATN**
gjofsemgefur.is
907 2003
Hjálparstarf kirkjunnar

### Þjónusta



Vörubílastöðin Silfri ehf hefur 11 trukka, þar af einn ADR bíl og einn 4 öxla vörubíl og kranabíl.

Grunnar, malarkeyrsla, flatvagnar o.fl.

**Góð þjónusta - vönduð vinna þaulvanir menn - Ávallt gott verð.**

**Silfri ehf | S. 894 9690 | silfriehf.is**


# NÝLEGIR TOYOTA YARIS 2017*

GÓÐUR BÍLL BETRI DÍLL

Til afgreiðslu **strax**
**Komið** og reynsluakið
**Allt að 100% lánamöguleikar**

AÐEINS 19 ÞÚS Á MÁNUÐI** 80%lán



**Vel búnir**

√ Bluetooth √ Hiti í sætum √ Akreinavari
√ Árekstrarvari √ USB og Aux tengi √ Til í ýmsum litum

Yaris 1,0 bensín beinskiptir árg 2017 eknir frá 43 þús.
Bíll á mynd getur verið frábrugðin sölubíl

TILBOÐSVERÐ KR.
**1.490** ÞÚS. STGR.

** Miðað við 80% lán til 84 mánaða - Árleg Vaxtakjör 7,95%. ÁHK 9,64%

**586 1414**
stora@stora.is · stora.is
facebook.com/storabilasalan
Klettháls 2 · 110 Reykjavík

**kaffi á könnunni**
opið mán-fös 10-18
lau 12-15

2017-2018 Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri
Viðskiptablaðið Keldan

**STÓRA BÍLASALAN**
...á verði fyrir þig!

## Skaftárhreppur

*Samkvæmt 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er hér auglýst tillaga að eftirfarandi deiliskipulagsáætlun í Skaftárhreppi:*

**Deiliskipulagsbreyting Geirlandi**

Deiliskipulagssvæðið stækkar ú 1,41 ha í 4,08 ha og nær til lóðarinnar Geirland, landnúmer 163570. Nýr byggingarreitur tengist gistiskála og veitingasal. Innan byggingarreits má byggja gistirými, tengibyggingar, stækkun veitingasalar og eldhús og gestamóttöku. Vegghæð nýbygginga frá gólfi sé allt að 3,0 m og mænishæð allt að 6,0 m. Heimilt era ð byggja allt að 2260 m2 grunnflöt innan byggingarreits.

Tillagan liggur frammi á skrifstofu Skaftárhrepps, frá og með miðvikudeginum 6.febrúar til og með miðvikudeginum 20.mars 2019.
Tillögurnar er einnig til sýnis á heimasíðu Skaftárhrepps, **www.klaustur.is.**

Skila skal athugasemdum á skrifstofu Skaftárhrepps, Klausturvegi 10, 880 Kirkjubæjarklaustri.
Athugasemdir og ábendingar skulu vera skriflegar.

*Skipulagsfulltrúi Skaftárhrepps*

Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is
INHOPE insafe
SAFT
TILKYNNA ÓVIÐEIGANDI EÐA ÓLÖGLEGT EFNI Á NETINU

Þú finnur draumastarfið á
job.is


Kennsla


Heilbrigðisþjónusta

GLÆNÝ OG FERSK STÖRF Í HVERRI VIKU
job.is

Ertu með grýlu?
Eru rennurnar fullar af grýlukertum?
Er hætta á að vatnið leki inn eða brotni?
1450 kr/m
HITAVÍR
Hitavírar bræðir klaka í rennunni og eyða grýlukertum. Til í föstum lengdum.
íshúsið
S:566 6000 ● Smiðjuvegur 4a, græn gata, 200 Kópavogur

Dreifðu varmanum -fáðu hitann niður
Loftviftur
Loftviftur jafna hitastig og dreifa varma sem hefur leitað upp í loft.
Vatnshitablásarar í bílskúrinn
Verð frá kr 69.990
Loftræsting
Ferskt loft án þess að kæla íbúðina of mikið.
viftur.is
-andaðu léttar

# SPENNANDI VIÐBURÐIR Í BÆJARBÍÓI




28. FEBRÚAR OG 1. MARS **SÓLI HÓLM** VARIST EFTIRHERMUR, NÝTT UPPISTAND



17. APRÍL **STJÓRNIN**



9. FEB
EINAR BÁRÐARSON




13. OG 14. FEB
BUBBI MORTHENS




21. OG 22. FEB
FÖSTUDAGSLÖGIN




14. OG 15. MARS
MAGNÚS & JÓHANN




23. MARS
KK & FÖRUNEYTIÐ




30. MARS
MUGISON



6. APRÍL
SVALA BJÖRGVINS



20. APRÍL
KILLER QUEEN



25. APRÍL
ÞURÍÐUR SIGURÐARDÓTTIR



2. MAÍ
DIMMA



4. MAÍ
SALKA OG SÓLKERFIÐ



9. MAÍ
SVAVAR KNÚTUR

ALLIR VIÐBURÐIR Í BÆJARBÍÓI ERU Á MIDI.IS

Gull midi.is HAFNARFJÖRÐUR prime UMBOÐSSKRIFSTOFA

# VEÐUR, MYNDASÖGUR & ÞRAUTIR

## Þriðjudagur

Austan 15-23 fyrir hádegi S- og SV-lands og hvessir meira er líður á daginn. 18-28 seinnipartinn og hvassast við fjöll S-til. Slydda eða rigning syðst á landinu en dálítil slydda eða snjókoma A-lands. Hiti 1 til 6 stig syðra, en minnkandi frost fyrir norðan.




## Miðvikudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| 2° | -1° | -2° |
| 7 | 12 | 4 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| 1° | 1° | -4° |
| 11 | 4 | 16 |

## Fimmtudagur

| Reykjavík | Ísafjörður | Akureyri |
|---|---|---|
| -2° | -4° | -2° |
| 8 | 9 | 4 |

| Egilsstaðir | Kirkjubæjarkl. | Hveravellir |
|---|---|---|
| -0° | -2° | -10° |
| 10 | 14 | 9 |

### LÉTT

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 6 | | 2 | | 4 | 5 | | 1 | |
| 1 | | 4 | 6 | | 2 | | 9 | |
| | 7 | 8 | 9 | | | | | |
| | 8 | | 1 | | | 9 | 6 | |
| 9 | | | | | | | | 7 |
| | 4 | 1 | | 9 | | 5 | | 2 |
| | | 3 | | | | | | |
| 7 | | | | | 4 | 6 | | |
| | 5 | | 2 | 1 | 7 | 3 | | |

### MIÐLUNGS

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 2 | | | | 8 | 3 | 6 | |
| | | | | 3 | | 9 | | 7 |
| 1 | | | 9 | 2 | | | | |
| 7 | | | | 6 | | 8 | | |
| | | 8 | 4 | | | | 7 | |
| 6 | 1 | | | 8 | | | 3 | 5 |
| | | | | | | 6 | 4 | |
| 5 | | 3 | | | | | 8 | 9 |
| 4 | | | 3 | | | | | |

### ÞUNG

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 4 | 8 | | | | 3 | 7 |
| | | | | | | 4 | | 2 |
| | 9 | | | | | 5 | | |
| | | | | 1 | 9 | 7 | | 3 |
| | 7 | | 4 | | | 6 | | |
| 3 | 4 | 1 | | 6 | 2 | | | |
| | 2 | | | 5 | | | | |
| | 1 | 9 | | 7 | | | 6 | 8 |
| 7 | | 3 | | | | | | |

## Krossgáta

**LÁRÉTT**
1. krókur
5. struns
6. átt
8. gat
10. samtök
11. draup
12. straumur
13. rándýr
15. afkomandi
17. lúðulaki

**LÓÐRÉTT**
1. velgengni
2. fugl
3. sjáðu
4. matjurt
7. varðmaður
9. jurt
12. rusla
14. stækkaði
16. sprikl

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | ■ |
| 5 | | | ■ | 6 | 7 |
| 8 | | | 9 | | |
| 10 | | ■ | 11 | | |
| | ■ | 12 | | | |
| 13 | 14 | | | ■ | |
| 15 | | | | 16 | |
| ■ | 17 | | | | |

**LÁRÉTT:** 1. hespa, 5. ark, 6. sv, 8. gloppa, 10. sa, 11. lak, 12. röst, 13. ljón, 15. dóttir, 17. kauði. **LÓÐRÉTT:** 1. hagsæld, 2. erla, 3. sko, 4. aspas, 7. vaktari, 9. plöntu, 12. róta, 14. jók, 16. ið.

## Skák Gunnar Björnsson

Vignir Vatnar Stefánsson (2.248) átti leik gegn Daða Ómarssyni (2.252) á Skákþingi Reykjavíkur.

**Hvítur á leik**



**56. Hxg6+!** ½-½. Staðan er jafntefli því hvíti kóngurinn kemst á h1. Þá er engin leið fyrir svartan að vinna. Í skákdálki gærdagsins láðist að nefna Jóhann H. Ragnarsson á nafn en hann var einn þriggja keppenda í skiptu þriðja sæti á Skákþinginu. Stórmeistararnir Hannes Hlífar Stefánsson og Þröstur Þórhallsson taka þátt í opnu skákmóti í Portúgal.
**www.skak.is:** Íslandsmót stúlknasveita.

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 5 | 1 | 2 | 9 | 6 | 4 | 8 | 7 |
| 7 | 4 | 2 | 8 | 1 | 3 | 5 | 9 | 6 |
| 6 | 8 | 9 | 4 | 5 | 7 | 1 | 2 | 3 |
| 4 | 1 | 6 | 3 | 8 | 2 | 9 | 7 | 5 |
| 2 | 7 | 3 | 5 | 4 | 9 | 6 | 1 | 8 |
| 8 | 9 | 5 | 6 | 7 | 1 | 3 | 4 | 2 |
| 5 | 3 | 8 | 1 | 2 | 4 | 7 | 6 | 9 |
| 9 | 2 | 4 | 7 | 6 | 5 | 8 | 3 | 1 |
| 1 | 6 | 7 | 9 | 3 | 8 | 2 | 5 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 3 | 7 | 8 | 5 | 9 | 2 | 6 | 1 |
| 5 | 6 | 9 | 2 | 1 | 7 | 8 | 3 | 4 |
| 1 | 2 | 8 | 3 | 4 | 6 | 7 | 5 | 9 |
| 6 | 5 | 1 | 4 | 7 | 2 | 9 | 8 | 3 |
| 7 | 8 | 2 | 9 | 6 | 3 | 4 | 1 | 5 |
| 9 | 4 | 3 | 1 | 8 | 5 | 6 | 2 | 7 |
| 8 | 7 | 6 | 5 | 9 | 1 | 3 | 4 | 2 |
| 2 | 1 | 4 | 7 | 3 | 8 | 5 | 9 | 6 |
| 3 | 9 | 5 | 6 | 2 | 4 | 1 | 7 | 8 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 2 | 8 | 5 | 7 | 1 | 6 | 9 | 3 |
| 7 | 5 | 6 | 3 | 9 | 2 | 4 | 8 | 1 |
| 9 | 3 | 1 | 8 | 6 | 4 | 5 | 2 | 7 |
| 5 | 8 | 9 | 4 | 1 | 6 | 7 | 3 | 2 |
| 1 | 7 | 4 | 2 | 3 | 9 | 8 | 5 | 6 |
| 2 | 6 | 3 | 7 | 5 | 8 | 9 | 1 | 4 |
| 6 | 4 | 5 | 9 | 2 | 3 | 1 | 7 | 8 |
| 3 | 1 | 7 | 6 | 8 | 5 | 2 | 4 | 9 |
| 8 | 9 | 2 | 1 | 4 | 7 | 3 | 6 | 5 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.






## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman






# Skjót leið

www.meiraprof.is

## til starfsmenntunar

## Skapaðu þér þitt eigið góðæri



**NÝI ÖKUSKÓLINN**

KLETTAGÖRÐUM 11 ( ET-HÚSINU ) - 104 REYKJAVÍK - SÍMAR: 588 4500 - 822 4502 www.meiraprof.is - rektorinn@gmail.com

ABBEY ROAD // DESIGN

# Fréttablaðið mælir með

BÓKIN

## THE THREE BODY-PROBLEM

eftir Liu Cixin
Random House




Þríagnavandinn, eða „The Three Body-Problem“ eins og hún heitir í enskri útgáfu, er fyrsta skáldsagan í geimóperu-þríleik kínverska rithöfundarins Liu Cixin. Skáldsagan fjallar um þá ógn sem steðjar að jörðinni þegar framandi menning hótar mannkyni útrýmingu. En ógnin er ekki aðeins bundin við geimverur, heldur er hún einnig til staðar á Jörðu niðri þar sem hópur vísindamanna telur mannkynið ekkert eiga betra skilið en útrýmingu. Þríleikur Cixin er skyldulesning fyrir þá sem hafa áhuga á raunsæjum og ígrunduðum vísindaskáldskap.

PLATAN

## REMIND ME TOMORROW

eftir Sharon Van Etten
Jagjaguwar



Sharon Van Etten er fyrir löngu orðin einn áhrifamesti lagahöfundur sinnar kynslóðar. Hún heldur uppteknum hætti á fimmtu plötu sinnu, Remind me Tomorrow, og töfrar fram ódauðlega hljóma og lagatexta sem eru í raun andstæða þess tíðaranda sem fagnar mínímalisma og einföldun. Van Etten hefur engan áhuga á að smætta daglegt líf sitt niður í hilluvæna kassa. Lífið er flókið, ljótt, undurfagurt og á köflum hræðilegt.

SERÍAN

## TRUE DETECTIVE

3. þáttaröð
HBO



Eftir sorglega misheppnaða aðra þáttaröð hefur höfundateymið á bak við True Detective tekið sig til og framleitt afar vel heppnaða seríu. Efnistökunum svipar til fyrstu þáttaraðarinnar, sem sló eftirminnilega í gegn, þar sem flókið og óhugnanlegt sakamál er rannsakað af breyskum rannsóknarlögreglumönnum. Fyrst og fremst er það stórgóð frammistaða Mahershala Ali sem vekur athygli, en umgjörð, sögusvið og handrit eru eins og best gerist.

# Hvað? Hvenær? Hvar? Þriðjudagur

hvar@frettabladid.is

## 5. FEBRÚAR 2019








**Hvað?** Mannfækkun af mannavöldum
**Hvenær?** 12.00
**Hvar?** Þjóðminjasafn Íslands
Siðaskiptin mörkuðu upphaf áður óþekktrar hrinu dauðarefsinga í N-Evrópu en þá færðist vald til refsinga frá kirkjulegum yfirvöldum til veraldlegra valdhafa. Hvers kyns samfélagslegar umbætur voru samhliða settar á oddinn. Tekið var af mikilli hörku á siðferðisbrotum en einnig því sem skilgreint var sem leti og flakk með tilheyrandi þjófnaði. Samtals var nærri 240 dauðadómum framfylgt í fimm brotaflokkum hérlendis frá 1550 til 1830, þ.e. fyrir morð, dulsmál, blóðskömm, galdra og loks þjófnað. Dauðarefsingum var þó tiltölulega sjaldan beitt hérlendis fyrr en undir lok 16. aldar og urðu aftökur eftir það nær árlegur viðburður í tvær aldir. Áberandi margir eru dauðadómar fyrir þjófnað en allt í allt voru 75 þjófar teknir af lífi á Íslandi á aðeins á 174 árum, sá fyrsti árið 1584 en síðasti árið 1758. Í fyrirlestrinum verða kynntar fyrstu niðurstöður nýhafinnar fornleifarannsóknar á dauðadómum og aftökum hérlendis á árnyöld. Lögð verður sérstök áhersla á að rýna í stöðu dauðadæmdra og vanmátt þeirra gagnvart yfirvöldum.

**Hvað?** Bob og Job. Fræðslufebrúar í Vídalínskirkju
**Hvenær?** 19.30
**Hvar?** Vídalínskirkja
Sr. Sigfinnur Þorleifsson fjallar um Jobsbók. Bókin er eitt spekirita Gamla testamentisins og tekst á við spurninguna um þjáninguna í heiminum. Sr. Henning Emil Magnússon fjallar síðan um hvernig Bob Dylan tekst á við eigin sorg með því að nota Jobsbók og önnur spekirit úr Gamla testamentinu á plötu sinni Time out of Mind. Fríða Dís og Smári Guðmundsbörn flytja tvö lög af plötunni. Þetta verður mjög blúsað kvöld!

**Hvað?** Ungfrú Ísland á Bókmenntakvöldi
**Hvenær?** 19.30
**Hvar?** Bókasafn Seltjarnarness
Auður Ava Ólafsdóttir ríður á vaðið á nýju ári og les upp úr bók sinni Ungfrú Ísland. Sögusviðið er Reykjavík árið 1963. Ung skáldkona flytur vestan úr Dölum með nokkur handrit í fórum sínum, á tímum þegar karlmenn fæddust skáld en ungum konum var boðið að taka þátt í fegurðarsamkeppni Fegrunarfélags Reykjavíkur. Ungfrú Ísland hefur heillað marga lesendur upp úr skónum enda sögð afar vönduð og falleg bók.

**Hvað?** Hugleiðsla með Tolla
**Hvenær?** 20.15
**Hvar?** Skipholt 50c
Fjögur kvöld með Tolla þar sem við skoðum þrjú grunnatriði í hugleiðslu og núvitund. Reynum að glöggva okkur á því hvers vegna kærleikurinn er svona mikilvægur þegar við erum að iðka hugleiðslu til þess að vaxa í. Fyrir byrjendur og lengra komna því þeir eru alltaf byrjendur.

**Hvað?** KexJazz - Kvartett Phil Doyle
**Hvenær?** 20.30
**Hvar?** Kex hostel
Á næsta jazzkvöldi Kex hostels þriðjudaginn 5. febrúar kemur fram kvartett bandaríska saxófónleikarans Phil Doyle. Tómas Jónsson leikur á hljómborð, Pálmi Gunnarsson á bassa og Einar Scheving á trommur. Tónlistin hefst kl. 20.30 og er aðgangur ókeypis. Kex hostel er á Skúlagötu 28.

**Hvað?** Opinn fundur í Hafnarfirði með Lilju D. Alfreðsdóttur
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Reykjavíkurvegur 66
Opinn fundur í Hafnarfirði með Lilju D. Alfreðsdóttur, mennta- og menningarmálaráðherra og varaformanni Framsóknar. Heitt á könnunni og allir velkomnir.

**Hvað?** Fundur með Katrínu á Selfossi
**Hvenær?** 20.00
**Hvar?** Tryggvaskáli, Selfossi
VG í Árnessýslu stendur fyrir opnum fundi með Katrínu Jakobsdóttur forsætisráðherra. Tekið verður við spurningum fundarmanna. Við hvetjum ykkur öll til að mæta og taka þátt í lifandi þjóðmálaumræðu.





GOTT KVÖLD Í BÍÓ PARADÍS
HAPPY HOUR Á BARNUM 17-19 NÁNAR Á BIOPARADIS.IS

| | | | |
|---|---|---|---|
| Roma (SPANISH W/ENG SUB) | 17:30 | Shoplifters//Búðaþjófar (ICE SUB) | 20:00 |
| Tryggð // The Deposit (ENG SUB) | 18:00 | Damsel (ENGLISH-NO SUB) | 20:00 |
| Þýskir kvikmyndadagar-German Film Days | | Shoplifters//Búðaþjófar (ENG SUB) | 22:15 |
| * Transit (GERMAN W/ENG SUB) | 18:00 | First Reformed (ENGLISH-NO SUB) | 22:20 |
| * Mack the Knife (GERMAN W/ENG SUB) | 20:00 | One Cut of the Dead (ICE SUB) | 22:30 |

*Sýndar á þýsku með enskum texta*



# ALLIR Í FJALLIÐ

## SKÍÐADEILD ÚTILÍFS ER Í SMÁRALIND

FRÁBÆRT ÚRVAL • FYRSTA FLOKKS ÞJÓNUSTA • FULLKOMIÐ VERKSTÆÐI

**20%***

**AFSLÁTTUR AF SKÍÐAPÖKKUM**




**ÚTILÍF**

*síðan 1974*

KRINGLUNNI · SMÁRALIND

utilif.is

*Gildir ekki með öðrum tilboðum.

## Virkir dagar á Rás 2



**Morgunútvarpið** kl. 6.50

Sigmar, Hulda og Helgi vekja hlustendur með glóðvolgum fréttum og snarpri umfjöllun um samfélagsmál.



**Morgunverkin** kl. 9

Þórður Helgi spilar allt það besta sem heimurinn hefur alið af sér og hlustendur geta verið með.



**Poppland** kl. 12.45

Án allra landamæra. Einn elsti og virtasti tónlistarþáttur landsins. Umsjónarmenn: Þossi, Ólafur Páll og Karítas.



**Síðdegisútvarpið** kl. 16

Guðmundur, Hafdís Helga og Andri Freyr halda ykkur vel upplýstum um menn og málefni á leið úr vinnu og spilar nóg af góðri tónlist.



**Hvar og hvenær sem þér hentar**

Þú finnur uppáhaldsþættina þína í spilara RÚV, á ruv.is eða í nýjum öppum RÚV fyrir snjalltæki.

RÁS 2 fyrst og fremst




# DAGSKRÁ

# Þriðjudagur

## RÚV SJÓNVARP

**13.00 Úr Gullkistu RÚV. Útsvar 2011-2012**
**14.05 Úr Gullkistu RÚV. Andraland**
**14.35 Úr Gullkistu RÚV. Eldað með Ebbu**
**15.05 Bækur og staðir**
**15.10 Basl er búskapur(Bonderøven)**
**15.40 Ferðastiklur**
**16.25 Menningin - samantekt**
**16.50 Íslendingar** Kristján Eldjárn
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 KrakkaRÚV**
**18.01 Ofurmennaáskorunin** Sjónvarpsmaðurinn Tim Fitzhigham hittir fólk með hæfileika sem teljast varla mennskir og skorar á það í þrautir á heimavelli þess.
**18.29 Hönnunarstirnin**
**18.46 Hjá dýralækninum**
**18.50 Krakkafréttir** Fréttaþáttur fyrir börn á aldrinum 8-12 ára. Umsjón: Ísgerður Elfa Gunnarsdóttir og Sævar Helgi Bragason.
**19.00 Fréttir**
**19.25 Íþróttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
**19.50 Menningin**
**20.00 Kveikur**
**20.35 Kínversk áramót – Mestu hátíðarhöld heims** Heimildarþáttaröð í þremur hlutum frá BBC þar sem fylgst er með hátíðarhöldunum þegar nýju ári er fagnað í Kína.



**21.30 Trúður (Klovn VII)**
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veður**
**22.20 Kóðinn (The Code II)** Önnur syrpa þessara áströlsku spennuþátta um bræðurna Ned og Jesse Banks. Þeir eiga á hættu að vera framseldir til Bandaríkjanna og saksóttir vegna öryggisbrota sem þeir hafa framið, en þegar ungum dreng er rænt og hann seldur barnaníðingum á huldunetinu bjóða áströlsk stjórnvöld bræðrunum friðhelgi ef þeir aðstoða við leitina að drengnum. Aðalhlutverk. Dan Spielman, Ashley Zukerman og Adele Perovic. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
**23.20 Skarpsýn skötuhjú** Breskur spennumyndaflokkur byggður á sögum Agöthu Christie. Hjónin Tommy og Tuppence eiga uppi njósnara í Lundúnum á sjötta áratugnum. Það reynist hjónunum erfiðara að segja skilið við heim njósna og kalds stríðs en þau nokkurn tíma óraði fyrir. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi barna. e.
**00.15 Kastljós**
**00.30 Menningin**
**00.40 Dagskrárlok**

## GOLFSTÖÐIN

**08.00 PGA Highlights 2019**
**08.55 Waste Management Phoenix Open**
**12.55 Waste Management Phoenix Open**
**16.55 Golfing World 2019**
**17.45 Saudi International**
**22.15 PGA Highlights 2019**
**23.10 Golfing World 2019**

## SJÓNVARP SÍMANS

**08.00 Dr. Phil**
**08.45 The Tonight Show**
**09.30 The Late Late Show**
**10.15 Síminn + Spotify**
**12.00 Everybody Loves Raymond**
**12.20 King of Queens**
**12.40 How I Met Your Mother**
**13.05 Dr. Phil**
**13.50 Life in Pieces**
**14.15 Charmed**
**15.05 Ally McBeal**
**16.00 Malcolm in the Middle**
**16.20 Everybody Loves Raymond**
**16.45 King of Queens**
**17.05 How I Met Your Mother**
**17.30 Dr. Phil**
**18.15 The Tonight Show**
**19.45 Crazy Ex-Girlfriend**
**20.30 Lifum lengur** Ný þáttaröð í umsjón Helgu Arnardóttur. Heilsan er í öndvegi í þessari þáttaröð.
**21.05 Code Black**
**21.55 The Gifted**
**22.40 Salvation**
**23.25 The Tonight Show**
**00.05 The Late Late Show**
**00.50 NCIS**
**01.35 NCIS Los Angeles**
**02.20 Chicago Med**
**03.10 Station 19**
**03.55 Elementary**
**04.40 Síminn + Spotify**
**06.00 Síminn + Spotify**

## RÚV RÁS EITT

**06.45 Morgunbæn og orð dagsins**
**06.50 Morgunvaktin**
**07.00 Fréttir**
**07.30 Fréttayfirlit**
**08.00 Morgunfréttir**
**08.30 Fréttayfirlit**
**09.00 Fréttir**
**09.05 Segðu mér**
**09.45 Morgunleikfimi**
**10.00 Fréttir**
**10.03 Veðurfregnir**
**10.13 Á reki með KK**
**11.00 Fréttir**
**11.03 Mannlegi þátturinn**
**12.00 Fréttir**
**12.02 Hádegisútvarp**
**12.20 Hádegisfréttir**
**12.40 Veðurfregnir**
**12.50 Dánarfregnir**
**12.55 Samfélagið**
**14.00 Fréttir**
**14.03 Tríó Lora Chiorah Dye o.fl.**
**15.00 Fréttir**
**15.03 Frjálsar hendur**
**16.00 Síðdegisfréttir**
**16.05 Víðsjá**
**17.00 Fréttir**
**17.03 Lestin**
**18.00 Spegillinn**
**18.30 Útvarp Krakka RÚV**
**18.50 Veðurfregnir**
**18.53 Dánarfregnir**
**19.00 Myrkir músíkdagar 2019.**
**20.35 Mannlegi þátturinn**
**21.30 Kvöldsagan**
**22.00 Fréttir**
**22.05 Veðurfregnir**
**22.10 Samfélagið**
**23.05 Lestin**
**00.00 Fréttir**
**00.05 Næturútvarp Rásar 1**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**12.30 Dear Eleanor**
**14.00 3 Generations**
**15.30 Grey Gardens**
**17.15 Dear Eleanor**
**18.45 3 Generations**
**20.15 Grey Gardens**
**22.00 Enter The Warrior's Gate**
**23.50 The Lost City of Z**
**02.10 Patti Cake$**
**03.55 Enter The Warrior's Gate**

## STÖÐ 2

**07.00 The Simpsons**
**07.25 Lína Langsokkur**
**07.50 Friends**
**08.10 The Middle**
**08.30 Ellen**
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Save With Jamie (5.6)**
**10.20 Suits (5.16)**
**11.05 Veep (4.10)**
**11.35 Einfalt með Evu (8.8)**
**12.00 Um land allt (1.10)**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 So You Think You Can Dance**
**14.25 So You Think You Can Dance**
**15.50 Besti vinur mannsins**
**16.15 The Bold Type**
**17.00 Bold and the Beautiful**
**17.20 Nágrannar**
**17.45 Ellen**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.55 Ísland í dag**
**19.10 Sportpakkinn**
**19.20 Veður**
**19.25 Modern Family**
**19.50 Lose Weight for Good**
**20.20 Hand i hand**
**21.05 The Little Drummer Girl**
**21.50 Outlander**
**22.50 Grey's Anatomy**
**23.35 Lovleg (5.10)**
**00.00 Sally4Ever**
**00.30 The X-Files**
**01.10 NCIS**
**01.50 Mary Kills People**
**02.35 Mary Kills People**
**03.20 Mary Kills People**

## STÖÐ 3

**19.10 Modern Family**
**19.35 Mom**
**20.00 Seinfeld**
**20.25 Friends**
**20.50 One Born Every Minute - What Happened Next**
**21.40 Flash**
**22.25 Game of Thrones**
**23.30 Supernatural**
**00.15 Man Seeking Woman**
**00.35 Gotham**
**01.20 All American**
**02.05 Friends**
**02.30 Seinfeld**
**02.55 Tónlist**

## STÖÐ 2 SPORT

**07.00 Tottenham - Newcastle**
**08.40 Celta - Sevilla**
**10.20 Real Betis - Atletico Madrid**
**12.00 Villarreal - Espanyol**
**13.40 Afturelding - Selfoss**
**15.10 Seinni bylgjan**
**16.45 Chelsea - Huddersfield**
**18.25 Premier League Review 2018/2019**
**19.20 Haukar - Stjarnan**
**21.00 Domino's körfuboltakvöld 2018/2019**
**22.40 Grindavík - Tindastóll**
**00.20 Huesca - Real Valladolid**

## STÖÐ 2 SPORT 2

**07.00 Cardiff - Bournemouth**
**08.40 KR - Njarðvík**
**10.20 West Ham - Liverpool**
**12.00 Roma - AC Milan**
**13.40 Ítölsku mörkin 2018/2019**
**14.10 Meistaradeild Evrópu - fréttaþáttur 2018/2019**
**14.35 Valur - Stjarnan**
**16.05 Cagliari - Atalanta**
**17.45 KR - Njarðvík**
**19.25 West Ham - Liverpool**
**21.05 Afturelding - Selfoss**
**22.35 Seinni bylgjan**
**00.05 Haukar - Stjarnan**

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 89,5** Retro
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** K100
**FM 102,9** Lindin

# 1. SÆTI KILJULISTANS!

## EKKI MISSA AF ÞESSARI!



Jørn Lier Horst er ásamt Jo Nesbø vinsælasti glæpasagnahöfundur Norðmanna. Hann er margverðlaunaður og hefur meðal annars fengið Glerlykilinn fyrir bestu norrænu glæpasöguna.




**TILBOÐSVERÐ:**
**2.999.-**
**Fullt verð:**
**3.999.-**

**1.**
**Metsölulisti Eymundsson**
**- KILJUR -**

Eldraunin

**„Framúrskarandi."**
Crime by the Book

**„Hvað eftir annað greip ég andann á lofti. Lesið sjálf til að sjá hvar! Eldraunin er fullkomin glæpasaga."**
Aftonbladet

**„Lokahluti bókarinnar er rosalegur."**
Shots Magazine

**#LESUMMEIRA**

Austurstræti 18
Skólavörðustíg 11
Laugavegi 77
Hallarmúla 4

Álfabakka 16, Mjódd
Kringlunni norður
Kringlunni suður
Smáralind

Hafnarfirði - Strandgötu 31
Keflavík - Sólvallagötu 2
Akureyri - Hafnarstræti 91-93
Akranesi - Dalbraut 1

Ísafirði - Hafnarstræti 2
Vestmannaeyjum - Bárustíg 2
Húsavík - Garðarsbraut 9

Penninn Eymundsson

540 2000 | penninn@penninn.is | www.penninn.is | www.eymundsson.is

Vöruúrval mismunandi eftir verslunum. Gildistími tilboðsverðs er 06. febrúar eða meðan birgðir endast. Upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur og myndabrengl.


María, 9 ára dóttir Ágústu, með boga sem hún útbjó sjálf en fjölskyldan hefur bætt heilmikilli útivist við líf sitt.

# Þriðji bekkur breytti hugsunarhættinum

**Ágústa Margrét Arnardóttir** setti hönnunarfyrirtæki sitt Arfleifð á pásu fyrir tveimur árum og settist í 3. bekk með syni sínum auk þess að eignast fimmta barnið. Sá tími umturnaði hugsunarhætti hennar og nú undirbýr Ágústa útgáfu barna- og ungmennatímarits.

Ágústa býr ásamt eiginmanni sínum og fimm börnum á aldrinum tveggja til 12 ára á Djúpavogi. „Helstu kostir þess að búa hér eru klárlega náttúran og umhverfið en við vorum ekkert dugleg að nýta okkur það. Ég er inn við beinið allt of mikill innipúki og var vön að finna mér einhver verk innan heimilisins frekar en fara út að „leika mér“.“

Fyrir tæplega tveimur árum urðu eins og fyrr segir miklar breytingar í lífi fjölskyldunnar. „Ég setti fyrirtæki sem ég hef rekið frá árinu 2007 á pásu, eignaðist fimmta barnið og fór í 3. bekk. Sonur okkar, sem nú er í 5. bekk, var fastur í kolröngum farvegi í lífinu og með því að mæta með honum í skólann í tæpa fjóra mánuði kynntist ég honum, mér og lífinu á dýpri og innilegri máta en ég hafði áður gert. Í kjölfarið ákvað ég að setja mun meiri áherslu á að vera með börnunum mínum, leika mér, finna mér og okkur áhugamál, segja „nei, bíddu og seinna“ við heimilisstörfin og „já“ við gæðastundir fjölskyldunnar sem fólust ekki síst í ferðalögum og lengra og styttra flakki.

Á þessum tíma vildi elsta dóttir mín, þá í 5. bekk, vera með opinn samfélagsmiðil, helst tengt ferðalögum og lífinu almennt. Mér fannst hún of ung en í sameiningu ákváðum við að opna „whattodoin“ á Snapchat og síðar fylgdi „whattodoin2017“ á Instagram og Facebook. Á þessum miðlum er markhópurinn foreldrar. Instagramið er að langmestu leyti tengt ferðalögum, áfangastöðum, uppeldi og sköpun en Snapchattið er miklu samhengislausara og út um allt. Í gegnum þessa miðla hef ég fundið gríðarlegan áhuga foreldra á því hvað er hægt að gera með fjölskyldunni, hvenær, hvernig og hvar.“


Forsíða tímaritsins en Ágústa safnar nú fyrir útgáfu þess á Karolina Fund.

**SONUR OKKAR, SEM NÚ ER Í 5. BEKK, VAR FASTUR Í KOLRÖNGUM FARVEGI Í LÍFINU OG MEÐ ÞVÍ AÐ MÆTA MEÐ HONUM Í SKÓLANN Í TÆPA FJÓRA MÁNUÐI KYNNTIST ÉG HONUM, MÉR OG LÍFINU Á DÝPRI OG INNILEGRI MÁTA EN ÉG HAFÐI ÁÐUR GERT.**

Þessi áhugi varð til þess að Ágústa ákvað að fara í undirbúningsvinnu á barna- og ungmennatímariti þegar fæðingarorlofi lauk í september en hugmyndin kviknaði fyrir um sex árum þegar elsta dóttirin vildi verða áskrifandi að tímariti. „Okkur fannst báðum fátt um fína drætti í þeim efnum og öðru hvoru undanfarin ár hef ég hugsað: „Af hverju eru ekki gefin út blöð eins og ABC og Æskan enn þá?“

## Erum að aftengjast náttúrunni og sjálfinu

Ágústa fór á fullt við að byggja upp teymi, fá ráðgjöf, kanna möguleika og fá fólk sem hefur hag og heilsu barna og fullorðinna að leiðarljósi til liðs við sig. „Allir eru sammála um að eflandi og hvetjandi tímarit fyrir börn sem að miklu leyti er skrifað af börnum, sé ekki bara gott heldur líka nauðsynlegt. Börn í dag lifa við þann raunveruleika að vera nánast alltaf nálægt tækjum og tólum, þar sem hljóð- og sjónmengun, skjábirta, óheilbrigt efni, óraunhæfar kröfur, samanburður og röng skilaboð flæða yfir þau. Því miður erum við mörg hver, ekki bara börnin, að aftengjast náttúrunni og sjálfinu. Það er stefna okkar allra sem að tímaritinu komum að fjalla á skemmtilegan, faglegan, fallegan og fróðlegan hátt um allt frá útivist og ferðalögum til afþreyingar fyrir líkama og sál. Við erum komin með magnaða viðmælendur og ótrúlega áhugavert efni og upplýsingar, t.d. hvar eru fjölskylduvænustu leiksvæðin, flottustu fossarnir, skemmtilegustu skógarnir, námskeið, viðburðir og margt fleira verður kynnt um allt land og út fyrir landsteinana. Auk þess verður mikil hvatning, leiðtogafræðsla, sköpun og fleira í blaðinu. Um helmingur vinnunnar er nú þegar klár og næstu skref til að koma tímaritinu í hendur á lesendum eru að kynna verkefnið og fjármagna það í gegnum Karolina Fund.

Fylgjast má með framvindunni á www.facebook.com/hvadtimarit og www.instagram.com/hvadtimarit og styrkja framtakið á www.karolinafund.com. **bjork@frettabladid.is**


Ágústa ásamt fjórum barna sinna í Stafafellsfjöllum í Lóni í fyrstu vatnasportsferð fjölskyldunnar í blautbúningum sem þau keyptu í fyrravor.


Vatnasport í Berufirði. Vigdís, 12 ára, og María, 9 ára, hoppa í hyl en vatnasport fjölskyldunnar snýst að mestu um vatna- og árgöngur, flot, hopp og veiðar.

# SAMSUNG

## SJÓNVARPSTILBOÐ
## HLJÓÐKERFI FYLGIR FRÍTT MEÐ

SOUNDBAR HW-N560 FYLGIR FRÍTT með sjónvarpi




Að verðmæti kr. 74.900,-

UExxNU 8005 +
SOUNDBAR HW-N560 + BASSABOX

| 55" | 65" | 75" | 82" |
|---|---|---|---|
| 189.900,- | 289.900,- | 399.900,- | 629.900,- |

SOUNDBAR MS660/1 FYLGIR FRÍTT með sjónvarpi




QLED Q9 +
SOUNDBAR MS661

Q9
Q myndvinnsla PQI 3700 QHDR -2000
Elite dimming. Einn kapall frá tækinu í tengibox.

| 55" | 65" | 75" |
|---|---|---|
| 360.000,- | 500.000,- | 749.900,- |

SOUNDBAR MS660/1 FYLGIR FRÍTT með sjónvarpi



QLED Q7 +
SOUNDBAR MS661

Q7
Q myndvinnsla, PQI 3200 Q-HDR1500 einn kapall
í tækið og síðan tengibox þar sem allt tengist við.

| 55" | 65" | 75" |
|---|---|---|
| 249.900,- | 349.900,- | 500.000,- |

SOUNDBAR MS660- SVARTUR/GRÁR

Að verðmæti kr. 69.900,-



*HÆGT AÐ VELJA Á MILLI 2JA LITA

SOUNDBAR HW-MS660-661
9 hátalarar byggði og fjölmargir tengimöguleikar.

SOUNDBAR MS661- GRÁR/SVARTUR

Að verðmæti kr. 69.900,-



*HÆGT AÐ VELJA Á MILLI 2JA LITA

SOUNDBAR HW-MS660-661
9 hátalarar byggði og fjölmargir tengimöguleikar.

ORMSSON er eini viðurkenndi
SAMSUNG Þjónustuaðilinn á Íslandi

ORMSSON

Netverslun
ORMSSON.IS

SAMSUNG SETRIÐ
LÁGMÚLA 8 · SÍMI 530 2800

Opnunartímar:
Virka daga kl. 10-18
Laugardaga kl. 11-15

ormsson

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535 | ORMSSON ÞRISTUR- ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751 | KS SAUÐÁRKRÓKI SÍMI 455 4500 | SR BYGG SIGLUFIRÐI SÍMI 467 1559 | ORMSSON AKUREYRI SÍMI 461 5000 | ORMSSON HÚSAVÍK SÍMI 464 1515 | ORMSSON VÍK -EGILSSTÖÐUM SÍMI 4712038 | ORMSSON PAN-NESKAUPSSTAÐ SÍMI 477 1900 | ORMSSON ÁRVIRKINN-SELFOSSI SÍMI 480 1160 | GEISLI VESTMANNAEYJUM SÍMI 481 3333 | TÆKNIBORG BORGARNESI SÍMI 422 2211 | OMNIS AKRANESI SÍMI 433 0300 |

FRÉTTABLAÐIÐ.IS

Lifandi fréttamiðill með nýjustu fréttum allan sólarhringinn ásamt ítarlegri umfjöllun um málefni líðandi stundar.




Fréttablaðið.is stendur undir nafni

FRÉTTABLAÐIÐ.IS

FRÉTTABLAÐIÐ APP

FRÉTTABLAÐIÐ






**Hrönn Sveinsdóttir, framkvæmdastjóri Bíós Paradísar, Eva Egesborg Hansen, sendiherra Danmerkur, og Herbert Beck, þýski sendiherrann, voru kát með opnun þessarar tíundu Þýsku kvikmyndahátíðar í Bíói Paradís.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

# Lírukassi og kringlur

Þýskir dagar standa nú yfir í Bíói Paradís en mikið var um dýrðir við setningu þeirra í liðinni viku.

Aðstandendur skreyttu anddyrið með þýsku skrauti, buðu upp á þýskar veitingar og Björgvin Tómasson lék á lírukassa fyrir og eftir sýningu. Kvikmyndaunnendur létu sig ekki vanta enda tíunda árið í röð sem hátíðin er haldin en það er Goethe-Institut í Danmörku og þýska sendiráðið á Íslandi sem hafa veg og vanda af hátíðinni sem stendur fram til 10. febrúar.



**Björgvin Tómasson orgelsmiður með lírukassann.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**KVIKMYNDAUNNENDUR LÉTU SIG EKKI VANTA ENDA TÍUNDA ÁRIÐ Í RÖÐ SEM HÁTÍÐIN ER HALDIN.**

Á hátíðinni má sjá brot af því besta úr þýskri kvikmyndalist með úrvali af sjö sérvöldum nýjum og fjölbreyttum bíóperlum en undir lok hátíðarinnar verður Bíói Paradís breytt í þýskan teknóklúbb með öllu tilheyrandi laugardaginn 9. febrúar.




**Bettina Senff, forstöðukona Goethestofnunarinnar í Danmörku, og Herbert Beck, sendiherra Þýskalands.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



**Sveinn Aðalsteinsson og Ágúst Guðmundsson.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR



**Sabine Friðfinnsson mætti ásamt þeim Svönu og Berglindi.** FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

**SÍMAR AUGLÝSINGADEILDIR – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jóhanna Helga Viðardóttir *johannahelga@frettabladid.is* **ALMENNAR AUGLÝSINGAR: SÍMI 550 5050:** Gústaf Bjarnason *gustaf@frettabladid.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Sigfús Örn Einarsson *sigfus@frettabladid.is*, Svava O'Brien *svava@frettabladid.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@frettabladid.is* **FÓLK/SÉRBLÖÐ SÍMI 550 5077:** Atli Bergmann *atli@frettabladid.is*, Arnar Magnússon *arnarm@frettabladid.is*, Jóhann Waage *johannwaage@frettabladid.is*, Jón Ívar Vilhelmsson *jonivar@frettabladid.is*, Ruth Bergsdóttir *ruth@frettabladid.is.* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Benedikt Bóas Hinriksson *benediktboas@frettabladid.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 550 5056:** Hrannar Helgason *hrannar@frettabladid.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@frettabladid.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 550-5055:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@frettabladid.is*, Guðrún Inga Grétarsdóttir *gudruninga@frettabladid.is*

# ALLA ÞRIÐJUDAGA

# FLOTT&GOTT

"it's finger lickin' good"

GRÍPTU MEÐ ÞÉR = POKA AF GLEÐI =




MÁLTÍÐ = 4 = FYRIR



**3.490 kr.**

4 Original
kjúklingaborgarar
og 2 lítrar gos

KFC

# FRÉTTABLAÐIÐ

**Við segjum fréttir** Smáauglýsingasíminn og skiptiborð **550 5000**

**Ritstjórn** 550 5070 ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild** 550 5050 auglysingar@frettabladid.is **Prentun** Ísafoldarprentsmiðja



ÞÚ GETUR NÁLGAST FRÍTT EINTAK AF FRÉTTABLAÐINU VÍÐSVEGAR UM LANDIÐ.
Óskir þú eftir því að fá blaðið í áskrift, hafðu samband við Póstdreifingu.



FRÉTTABLAÐIÐ mest lesna dagblað landsins.



Póst dreifing **Dreifing** dreifing@postdreifing.is
**Ef blaðið berst ekki** 800 1177


**BAKÞANKAR**


Hauks Arnar Birgissonar




## Uss!

Tilkynnið meiðandi eða móðgandi ummæli, sem falla á netinu, í eigin persónu eða í rituðu máli, því hatur verður ekki umborið í Suður-Yorkshire,“ segir í nýlegri auglýsingu frá lögreglunni þar á bæ.

Tjáningarfrelsið á undir högg að sækja. Það er dottið úr tísku. Á hverjum degi koma fram nýjar kröfur um að tiltekin ummæli skuli ekki látin viðgangast. Lög eru sett þar sem tilteknir hópar samfélagsins fá vernd gegn ummælum sem beinast að þeim. Vitleysan stoppar ekki við að tiltekin tegund ummæla sé gerð refsiverð, því lögreglan mun nú einnig þurfa að verja tíma sínum í að rannsaka móðganir.

Flest sprettur þetta frá fólki með góðan vilja, sem vill ekki að neinn særist vegna ummæla annarra. Málið er bara ekki svo einfalt. Tilgangurinn helgar ekki meðalið.

Í bandarískum háskólum (reyndar einnig HR) keppast viðkvæmir nemendur við að fá kennara með vondar skoðanir rekna frá skólunum. Umdeildir fyrirlesarar eru stöðvaðir við upphaf málþinga. Skemmtikraftar undirrita yfirlýsingar um að þeir muni ekki segja brandara sem gætu móðgað tiltekna áhorfendur. Allt í nafni umburðarlyndis og frjálslyndis. Það gleymist að það er ekkert frjálslynt við að banna brandara, þótt flestum finnist þeir ekki fyndir. Það er ekki til hlutlægur mælikvarði á húmor.

Það verður alltaf til ókurteist, vont og ófyndið fólk. Einnig fólk með fráleitar skoðanir. Það má samt ekki banna fólki að segja ljóta hluti. Engar af verstu hugmyndum mannkynssögunnar hurfu úr umræðunni, vegna þess að þær voru bannaðar. Þvert á móti. Hvort sem fólk er heimskt, vont, dónalegt eða með vondan húmor – þá verður það að fá að tjá sig. Jafnvel þótt aðrir kunni að særast vegna þeirra. Það er verðmiði frjáls samfélags.


FYRIR SVANGA FERÐALANGA
Kvikk
ON THE GO

Allir í bátana!



SUBWAY



Stillanleg rúm í úrvali

**Gerið gæða- og verðsamanburð**

100% SVEFN - 100% HEILSA
GÓÐ HVÍLD



**DELUXE**

Hágæða sjö svæðaskipt heilsudýna sem styður rétt við líkamann

Aðlagast líkamanum og gefur betri öndun. Góð þrýstijöfnun og réttur stuðningur tryggir betra blóðflæði og þú færð dýpri og betri svefn. Verð með botni og fótum:

80x200 cm
**Verð aðeins kr. 74.900.-**
120x200 cm
**Verð aðeins kr. 94.900.-**
160x200 cm
**Verð aðeins kr. 119.900.-**
180x200 cm
**Verð aðeins kr. 134.900.-**
Ath. fleiri stærðir í boði.

**VALHÖLL**

5 svæðaskipt heilsudýna

Góð millistíf heilsudýna á frábæru verði. Pokagormakerfi, gæðabólstun. Verð með botni og fótum:

80x200 cm
**Verð aðeins kr. 74.900.-**
120x200 cm
**Verð aðeins kr. 94.900.-**
153x203 cm
**Verð aðeins kr. 114.900.-**
180x200 cm
**Verð aðeins kr. 134.900.-**
Ath. fleiri stærðir í boði.

**SAGA / FREYJA**

Hágæða 7 svæðaskiptar heilsudýnur

Pokagormakerfi, þrýstijöfnun í yfirdýnu, sterkir hliðarkantar, gæðabólstrum Verð með botni og fótum:

80x200 cm
**Verð aðeins kr. 94.900.-**
140x200 cm
**Verð aðeins kr. 139.900.-**
153x203 cm
**Verð aðeins kr. 149.900.-**
180x200 cm
**Verð aðeins kr. 169.900.-**
Ath. fleiri stærðir í boði.

Mikið úrval af hvíldarstólum
Verð frá kr. 69.900.-



Roberto
Rafstillanlegur, leður
nokkrir litir.
Verð kr. 179.900.-

Úrval af stillanlegum rúmum



TURIN stór og veglegur sófi með rafstillanlegum sætum og tungu
Litir: Svart, hvítt og grátt **Verð kr. 890.000.-**

Frábært fyrir stórfjölskylduna



**Sængur og heilsukoddar**
Mikið úrval





Baldursnesi 6 - Akureyri



Listhúsið - Reykjavík

12 mán. VAXTALAUSAR GREIÐSLUR

Svefn & heilsa

**Listhúsinu Laugardal** - Sími 581 2233
**Baldursnesi 6, Akureyri** - Sími 461 1150
Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00

Umboðsaðilar: I Húsgagnaval - Höfn í Hornafirði I Bara snilld ehf. - Egilsstöðum